

# ÚRSKURÐUR

um arðskrá fyrir

## Veiðifélag Vatnsdalsár

Matsnefnd samkvæmt lögum nr. 61/2006  
um lax- og silungsveiði:  
Ásgeir Magnússon héraðsdómari  
Þorgils Torfi Jónsson framkvæmdarstjóri  
Örlygur Hnefill Jónsson héraðsdómslögmaður

Ár 2011, mánudaginn 29. ágúst kom matsnefnd skv. lögum um lax- og silungsveiði nr. 61/2006 saman í Reykjavík. Mættir voru Örlygur Hnefill Jónsson héraðsdómslögmaður, formaður nefndarinnar, Ásgeir Magnússon héraðsdómari og Þorgils Torfi Jónsson framkvæmdarstjóri.

Fyrir var tekið:

**Að kveða upp úrskurð um arðskrá fyrir Veiðifélag Vatnsdalsár.**

Er nú í málinu kveðinn upp svohljóðandi

## úrskurður:

### 1. Beiðni um mat

Með bréfi, dags. 30. júlí 2007, fór stjórn Veiðifélags Vatnsdalsár þess á leit við matsnefnd að gerð yrði ný arðskrá fyrir Vatnsdalsá. Kemur fram í bréfinu að beiðnin sé sett fram í framhaldi af kröfu sem félagsmennirnir Magnús Sigurðsson, Hnjúki, Birgir Gestsson, Kornsa, og Magnús Jósefsson, Steinnesi, hafi sett fram samkvæmt heimild í 41. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði. Í framhaldi þessa, og í samræmi við lög um lax- og silungsveiði, tók matsnefndin þetta erindi til meðferðar.

### 2. Matsfundur

Matsfundur með veiðiréttareigendum eða fulltrúum þeirra var haldinn 17. janúar 2009 í veiðihúsi veiðifélagsins að Flóðvangi og var mál þetta þá tekið fyrir fyrsta sinni í samræmi við ákv. 1. mgr. 46. gr. laga nr. 61/2006. Kynntu nefndarmenn á fundinum hvernig starfi matsnefndarinnar yrði háttað. Skorað var á fundarmenn að upplýsa hvort þeir gerðu athugasemdir við hæfi matsmanna til meðferðar máls eða við boðun fundarins en engar athugasemdir komu fram. Farið var yfir afmörkun ágreiningsefnisins sem til úrlausnar er, þ.e. nýtt mat á arðskrá Veiðifélags Vatnsdalsár. Þá var spurt hvort ágreiningur væri um bakkalengd og landamerki, en engar athugasemdir komu fram.

Eftir var fundarmönnum boðið að hitta matsmenn einslega og þáðu eftirtaldir það boð: Oddur C. G. Hjaltason, fyrir hönd eiganda Hjaltabakka, Ingimundur Sigfússon, Þingeyrum, Magnús Sigurðsson, Hnjúki, Lúther Olgeirsson, Forsæludal, Björn Magnússon, Gunnar Ellertsson, Pálmi Ellertsson og Ellert Pálmason vegna Hnausa, Gunnar Kristjánsson, Akri, Snorri Jósefsson og Hildur Jónsdóttir, Ásbrekku, Kristín Ágústsdóttir, Flögu, Kristján Sigurjónsson, Vatnsdalshólum, og Orri Blöndal, Snæringstöðum.

### 3. Vettvangsganga o.fl.

Með bréfi matsnefndar, dags. 5. ágúst 2009, var veiðiréttareigendum tilkynnt að nefndin færi í formlega vettvangsgöngu með ánni 25. eða 26. ágúst 2009 og að þeim gæfist kostur á að hitta nefndarmenn og tjá sig um hugsanleg ágreiningsatriði í tengslum við hana. Nefndin hafði áður farið í skoðunarferð með Vatnsdalsá og Giljá hinn 24. september 2008, ásamt Magnúsi Ólafssyni, formanni veiðifélagsins, og stjórnarmönnum Magnúsi Sigurðssyni og Agli Herbertssyni. Í vettvangsgöngunni, sem farin var 26. ágúst 2009, hittu matsmenn og ræddu við eftirgreinda veiðiréttareigendur, hlustuðu á sjónarmið þeirra og skoðuðu eftir atvikum tiltekin svæði árinna fyrir jörðum þeirra: Jóhönnu Pálmadóttur, Akri, Ingþór Kristmundsson, Gilá, Lúter Olgeirsson, Forsæludal, Ingimund Sigfússon, Þingeyrum, Magnús Sigurðsson, Hnjúki, Snorra Jósefsson og Ólaf Jósefsson, Ásbrekku, og Björn Magnússon og Ellert Pálmason vegna Hnusa. Einnig hittu matsmenn þá Lárus Jónsson vegna Bakka og Gísla Pálsson vegna Hofs á Blönduósi og hlýddu á sjónarmið þeirra. Áður höfðu matsmenn hitt Odd C. G. Hjaltason vegna Hjaltabakka.

Vatnsdalsá er dragá, mynduð úr kvíslum á víðlendum heiðarflákum Grímstungu- og Haukagilsheiði. Áin er einnig að hluta lindá og er það Stangarkvísl, efsti stofn árinna, sem leggur henni til lindarvatnið. Kemur hún undan Krákshrauni á Stórasandi og rennur 25 km beint til norðurs, þá sameinast hún Miðkvísl og Fellakvísl og heitir úr því Vatnsdalsá. Eiga báðar síðastgreindu kvíslarnar upptök sín á norðanverðum Stórasandi. Vestan undir Bótarfelli dýpkar farvegur Vatnsdalsár og litlu norðar steypist áin í mörgum fossum niður í Vatnsdal. Efsti fossinn á fjallsbrún heitir Skínandi, en nokkru neðar eru Kerfoss og Rjúkandi. Neðar í gilinu, hjá bænum Forsæludal, er ólaxgengur foss, Dalsfoss, og gengur lax að honum um laxastiga í Stekkjarfossi. Eftir að komið er niður á sléttlendið bætast í Vatnsdalsá nokkrar smáár og eru helstar Álftaskálará, í daglegu tali nefnd Álka, Tunguá og Kornsó. Neðarlega á vatnasvæðinu fellur Giljá svo í Húnavatn og sameinast þar Vatnsdalsá. Neðst í Húnavatn fellur og Laxá á Ásum, og á hún sameiginlegan ós í sjó með Vatnsdalsá í Húnaósi. Meðalrennsli Vatnsdalsár mælist 8,5 m<sup>3</sup>/s við Forsæludal og vatnasvið árinna er 450 m<sup>2</sup>.

Veiðifélagið byggði veiðihúsið Flóðvang fyrir fáum árum og kom það í stað eldra veiðihúss. Sérstakt veiðihús er fyrir silungasvæði árinna og kallast það Steinkot.

### 4. Um veiðifélagið

Nafn félagsins er Veiðifélag Vatnsdalsár. Félagið starfar samkvæmt samþykkt nr. 391/2008, sem staðfest var af Landbúnaðarstofnun 1. apríl 2008 og birt í B-deild Stjórnartíðinda 23. apríl sama ár. Kom sú samþykkt í stað eldri samþykktar frá 17. febrúar 2004.

Í 3. gr. samþykktarinnar kemur fram að félagsmenn séu skráðir eigendur/ábúendur jarða eða landareigna, sem land eiga að Vatnsdalsá, Álftaskálará, Tunguá með Hólkotskvísl, Kornsa og Giljá frá ósi í sjó til Ólaxgengra fossa.

Samkvæmt 4. gr. er verkefni félagsins að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu og stuðla að sjálfbærri nýtingu fiskstofna. Félagið taki til allrar veiði á félagssvæðinu og ráðstafi henni í samræmi við samþykkt félagsfundar. Jafnframt að byggja og halda við veiðihúsum, gera nýja veiðistaði í ána og gera vegi með ánni. Einnig beri félaginu að vernda vistkerfi vatnafiska á félagssvæðinu og koma í veg fyrir að verklegar framkvæmdir eða önnur starfsemi skaði lífríki þess. Þá sé félaginu heimilt að stunda fiskrækt í samræmi við gilda fiskræktaráætlun á hverjum tíma.

Í 12. gr. er kveðið á um að arði af sameiginlegri veiði skuli skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Jafnframt að félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taki arð.

## **5. Fasteignir sem veiðiréttur fylgir**

Samkvæmt samþykkt veiðifélagsins eru félagsmenn skráðir eigendur/ábúendur eftirtalinna jarða og landareigna, sem land eiga að Vatnsdalsá, Álftaskálará, Tunguá með Hólkotskvísl, Kornsa og Giljá, frá ósi í sjó til Ólaxgengra fossa: Hjaltabakki, Skinnastaðir, Akur, Stóra-Giljá, Litla-Giljá, Beinakelda I, Beinakelda II, Hnausar I, Hnausar II, Bjarnastaðir, Másstaðir, Hjallaland, Hvammur I, Hvammur II, Eyjólfstaðir, Bakki, Hof, Kötlustaðir, Gilá, Marðarnúpur, Guðrúnarstaðir, Kárdalstunga, Þórormstunga, Sunnuhlíð, Forsæludalur, Kvisthagi, Hjarðartunga, Grímstunga, Haukagil, Saurbær, Ásbrekka, Ás I, Ás II, Brúsastaðir, Snæringsstaðir, Undirfell, Nautabú, Kornsa, Kornsa II, Gilsstaðir, Flaga, Helgavatn, Hnjúkur, Breiðabólsstaður I, Breiðabólsstaður II, Miðhús, Vatnsdalshólar, Sveinsstaðir, Steinnes, Leysingjastaðir, Leysingjastaðir II og Þingeyrar.

## **6. Rekstur veiðivatna**

Með samningi, dags. 1. júlí 2008, leigði Veiðifélag Vatnsdalsár þeim Pétri Péturssyni og Guy Geffroy til 5 ára allan rétt til stangveiði í Vatnsdalsá, frá brú á Hnausakvísl að Flóði og frá Undirfellskirkju (landamerki Hofs og Bakka) að Dalsfossi, að undanskilinni Tunguá. Fylgdi veiðihúsið Flóðvangur með í leigunni ásamt sérstöku aðstöðuhúsi. Skyldi árlegt grunnleigugjald vera 41.000.000 króna, en hækka um 4.000.000 króna frá og með árinu 2011. Skyldu fjárhæðir þessar taka breytingum miðað við tilteknar breytingar á gengi og vísitölu, sbr. lið 4.3 í samningnum. Með samkomulagi, dags. 14. janúar 2009, voru gerðar nokkrar breytingar á samningnum er lúta meðal annars að útreikningi árlegra leigugreiðslna og því að Pétur Pétursson verði einn leigutaki samkvæmt samningnum frá lokum veiðitímabilsins 2010. Kemur þar fram að Pétur muni greiða veiðifélaginu

49.500.000 krónur vegna ársins 2009 en fyrir árið 2010 skuli grunnleigan vera 41.000.000 króna og breytast að hluta til miðað við gengi dollars.

Silungasvæði Vatnsdalsár fellur utan framangreinds leigusamnings og sér veiðifélagið sjálft um sölu veiðileyfa þar. Samkvæmt ársreikningum veiðifélagsins voru tekjur vegna útleigu árinna á árinu 2007 samtals 27.065.623 krónur, á árinu 2008 voru þær 41.776.069 krónur, árið 2009 voru þær 49.500.000 krónur og árið 2010 voru þær 53.325.689 krónur. Tekjur vegna seldra veiðileyfa á silungasvæðum reyndust vera á árinu 2007 samtals 9.598.700 krónur, á árinu 2008 voru þær 12.632.960 krónur, árið 2009 voru þær 12.879.500 krónur en 14.660.500 krónur á árinu 2010.

Arðgreiðslur til félagsmanna voru 28.000.000 króna árið 2007, 44.000.000 króna árið 2008, 47.500.000 krónur árið 2009 og 53.500.000 krónur á árinu 2010.

## **7. Sjónarmið eigenda veiðiréttar**

Í samræmi við ákvæði 10. gr. reglugerðar nr. 412/2007 var öllum eigendum veiðiréttar í Vatnsdalsá gefinn kostur á að senda nefndinni skriflegar greinargerðir og kröfur um þau atriði sem varðað gætu mat á arði einstakra fasteigna. Var bréf þessa efnis afhent öllum viðstöddum veiðiréttareigendum á framangreindum fundi hinn 17. janúar 2009 en aðrir fengu bréfið sent í pósti. Bárust nefndinni fjölmörg bréf frá eigendum ásamt ítarlegum gögnum. Hér á eftir verður vikið að kröfum og helstu sjónarmiðum er þar koma fram.

### **7.1. Hjaltabakki**

Eigandi Hjaltabakka sendi matsnefnd ítarlega greinargerð um kröfur sínar og sjónarmið, dags. 3. apríl 2009. Þykir rétt að taka kröfugerðina úr greinargerðinni hér orðrétt upp í heild sinni og er hún svohljóðandi:

„1. Eigandi Hjaltabakka gerir yftrústu kröfur til matsmanna, m.a. að farið sé að lögum og reglugerðum varðandi alla þætti og matsliði sem málið varðar í nýju arðskrámati um Vatnsdalsá. Tekið sé tillit til allra fiskistofna og fiskihverfa í Hólmakvísl og Húnavatni, sem tilheyra öllu vatnasviði Hnausakvíslar, Vatnsdalsár og þverám hennar.

2. Gerð er krafa um að vatnasvæðið sé metið samkvæmt lögum nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði, án skiptingar á ósasvæðinu með óskilgreindum línum sem eru dregnar þvers og kruss í Húnavatn eftir geðþóttaákvörðun undirmatsmanna um Vatnsdalsá 1994, yfirmatsmanna um yfirmöt í Vatnsdalsá, m.a. árin 1986 og 1996, yfirmatsmanna um yfirmat á Laxá á Ásum 1994 og að viðurkennt sé að Húnavatn sé vatn.

3. Ósasvæði í Húnavatni. Gerð er krafa um að sameiginlegt ósasvæði verði metið, skv. lögum nr. 61/2006, fyrir vatnasvæði Hólmakvíslar, Húnavatns, Giljár, Hnausakvíslar, Laxár á Ásum ásamt öðrum vatnasvæðum sem þeim tengjast, eða að viðurkennt sé að vatnasvæði allra ána eigi sameiginlegt ósasvæði í Hólmakvísl og Húnavatni. Efri mörk á

sameiginlegu ósasvæði Vatnsdalsár og Laxár í Húnavatni verði metið með sama hætti og gert var fyrir ósasvæði Laxár á Ásum.

4. Fiskihverfi allra laxfiska í Veiðifélagi Vatnsdalsár nær niður í Húnaós í sjó. Sama gildir um fiskihverfi laxa úr Laxá á Ásum og Fremri Laxá. 3. gr. samþykkt beggja veiðifélaga eru samhljóða. Félagssvæði beggja veiðifélaga nær niður í Húnaós í sjó. Því ber að meta hlutfallslega hlutdeild Hjaltabakka í hvorri á fyrir sig, frá upptökum ána niður í Húnaós.

5. Matsmenn úrskurði um hvort eigandi Hjaltabakka eigi að vera í veiðifélagi um Giljá. Eigandi Hjaltabakka telur að aðstaða til netaveiða á ósasvæðinu myndi framlag til veiðivatna eins og Giljá.

6. Landlengd. Fullt tillit verði tekið til allrar landlengdar á bökkum í landi Hjaltabakka við Húnavatn, Hjaltabakkahólma og báða bakka í Hólmakvísl niður að Húnaósi í sjó. Viðurkennt er að Hjaltabakki á alla bakka (i) Hjaltabakkahólma, (ii) báða bakka Hólmakvíslar, annars vegar austurbakki frá Granda út í sjó og hins vegar vesturbakki frá efri hluta Hjaltabakkahólma út í sjó, og (iii) alla bakka Húnavatns frá suðausturhorni Granda upp að skilgreindum efri mörkum á sameiginlegu ósasvæði Vatnsdalsár og Laxár á Ásum. Hlutdeild Hjaltabakka í landlengd verði hækkuð í arðskrá frá síðasta yfirmati miðað við kröfur hér að framan. Gerð er krafa um að landlengd verði mæld að nýju á svæðinu, metin inn í nýja arðskrá Veiðifélags Vatnsdalsár og sé að lágmarki 6.258 metrar.

7. Aðstaða til netaveiði í Hólmakvísl og Húnavatni. Fullt tillit verði tekið til aðstöðu til netaveiði í Hólmakvísl og Húnavatni niður að Húnaós í sjó, fyrir landi Hjaltabakka, sbr. 2. mgr. 41. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði þar sem segir m.a.: „Við niðurrjöfnun veiði eða úthlutun arðs af henni skal m.a. taka tillit til: a. aðstöðu til netaveiði og stangaveiði.“ Ennfremur er þess krafist að tekið sé fullt tillit til réttinda til netaveiða, m.a. m.t.t. sögulegra veiða, eins og segir til um í e. lið 4. gr. í reglugerð nr. 412 um arðskrár veiðifélaga.

8. Aðstaða á ósasvæði til veiða á silungi á friðunarsvæði í sjó og í Húnaósi verði metin inn í arðskrá Veiðifélags Vatnsdalsár, þar sem bannað er skv. lögum nr. 61/2006 að veiða á 1500 metra kafla báðum megin við Húnaós.

9. Aðstaða til stangveiða. Fullt tillit verði tekið til aðstöðu til stangaveiði í Hólmakvísl og Húnavatni niður að Húnaós í sjó, þ.e. fyrir landi Hjaltabakka, sbr. 2. mgr. 41. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði þar sem segir m.a.: „Við niðurrjöfnun veiði eða úthlutun arðs af henni skal m.a. taka tillit til: a. aðstöðu til netaveiði og stangaveiði.“

10. Uppeldisskilyrði fyrir laxfiska og seiði á ósasvæðinu verði metið að nýju af hæfum aðila. Eigandi Hjaltabakka hafnar því að gögn Norðurlandsdeildar Veiðimálastofnunar verði notuð við nýtt arðskrármat, vegna ágreinings milli aðila um vinnubrögð Norðurlandsdeildar og deilna milli Veiðimálastofnunar og eiganda Hjaltabakka.

11. Eigandi Hjaltabakka hefur í huga að stofna nýtt veiðifélag, Veiðifélag Hólmakvíslar, um vatnasvæði Hólmakvíslar. Veiðifélag Hólmakvíslar mun þá starfa sem sérstök deild innan réttmæts og löglegs veiðifélags samkvæmt 1. mgr. 37. gr. laga nr. 61/2006, eða leigja

veiðiréttinn til annarra löglegra veiðifélaga á vatnasvæðinu. Umdæmi Veiðifélags Hólmakvíslar, samkvæmt 1. mgr. 38. gr. laga nr. 61/2006 tekur til vestur- og austurbakka Hólmakvíslar úr Húnavatni og niður að Húnaósi í sjó. Eigandi Hjaltabakka er eini veiðiréttarhafinn á vatnasvæði Hólmakvíslar. Þar sem eigandi Hjaltabakka hefur ekki tekið ákvörðun um hvaða veiðifélagi Hólmakvísl tilheyri, þá er þess krafist að matsmenn sundurliði mat á arðskrá í tvo hluta. Arður Hjaltabakka verði metinn (i) þar sem allt vatnasvæðið er tekið inn í arðskrá og (ii) að vatnasvæði Hólmakvíslar verði metið sem sér matsliður. Þegar ný arðskrá liggur fyrir, bæði fyrir Veiðifélag Vatnsdalsár og Veiðifélag Laxár á Ásum, mun félagsfundur Veiðifélags Hólmakvíslar ákveða hvort félagið verði rekið sem sjálfstætt félag um veiði á félagssvæðinu, eða hvort veiðirétturinn verði framseldur í samræmi við ný arðskrármöt, bæði til Veiðifélags Laxár á Ásum og Veiðifélags Vatnsdalsár, þar sem um er að ræða sama fiskihverfið samkvæmt 1. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006.

12. Gerð er krafa til matsnefndar að nefndarmenn rökstyðji allar þær ákvarðanir sem ganga gegn kröfum eiganda Hjaltabakka um nýtt arðskrármat og fari þar eftir ákvæðum stjórnarsýslulaga nr. 37/1993, m.a. 4. mgr. 21. gr., 22. gr. og 31. gr.

13. Hlutdeild Hjaltabakka í almenningi Húnavatns verði metin með sérstöku mati.

14. Að hlutdeild Hjaltabakka í arðskrá Vatnsdalsár verði hækkuð verulega, eða að lágmarki 80 einingar af 1000.“

Um rökstuðning fyrir kröfugerðinni vísar eigandinn meðal annars til þess að í matsgerð Karls Ómars Jónssonar og Kristins Einarssonar frá árinu 1991 hafi ós Laxár á Ásum verið skilgreindur með endanlegum hætti, sbr. 94. gr. laga nr. 76/1970. Sé þar meðal annars kveðið á um að neðra ósasvæði árinna tilheyri sameiginlega Laxá á Ásum og Vatnsdalsá. Húnavatn, sameiginlegt vatnasvæði Laxár á Ásum, Hnausakvíslar og Giljár, sé vatn samkvæmt skilgreiningu 18. tl. 3. gr. vatnalaga nr. 20/2006, en þau lög munu taka gildi 1. október 2011.

Í 3. gr. samþykktu veiðifélaga Vatnsdalsár og Laxár á Ásum komi fram að umdæmi þeirra beggja nái frá efri mörkum beggja félagssvæða niður að Húnaósi í sjó. Öll fiskihverfi í báðum ám endi úti í sjó, enda gangi allir laxfiskar úr sjó, utan einstaka urriðastofn. Eignarréttur eiganda Hjaltabakka felist í því að hann geti veitt alla veiðistofna laxfiska, fyrir eigin landi og í almenningi, sem gangi um ósasvæði ána í Húnavatni, frá sjó og upp að landamerkjum Hjaltabakka. Hlutdeild eiganda í veiði hvers fiskistofns eigi þess vegna að meta eftir gönguleiðum þeirra fyrir eignarlandi jarðareiganda. Þannig eigi arður eiganda Hjaltabakka í Veiðifélagi Vatnsdalsár að endurspegla möguleika hans til að veiða stofna laxfiska sem gangi um ósasvæðið, upp í Hnausakvísl, Giljá, Árfar, Vatnsdalsá og þverár hennar. Sama gildi um stofna sem gangi upp í Laxá á Ásum, sem eigi að meta til arðs í Veiðifélagi Laxár á Ásum. Allar tilraunir til að skipta ósasvæðinu séu eignaupptaka og brjóti í bága við eignarréttarákvæði 72. gr. stjórnarskrárinnar. Þess sé því krafist að allt

ósasvæðið verði metið inn í arðskrá Vatnsdalsár, svo sem landlengd, uppeldisskilyrði og aðstaða til stanga- og netaveiða.

Varðandi þann þátt arðskrármatsins er lúti að hrygningar- og uppeldisskilyrðum þá séu gerðar verulegar athugasemdir við þá niðurstöðu í gildandi yfirmati, sem byggð hafi verið á gögnum Norðurlandsdeildar Veiðimálastofnunar, að skilyrði að þessu leyti séu lökust fyrir landi jarða við Flóðið, Húnavatn og Vatnsdalsá, allt upp að Hnausastreng. Forstjóri Veiðimálastofnunar og fleiri fiskifræðingar séu á öndverðri skoðun varðandi gildi ósasvæða að þessu leyti. Þannig segi í skýrslu stofnunarinnar frá árinu 2002, VMST-R/220, varðandi ósasvæðið í Elliðaánum: „Niðurstöður rannsókna benda til þess að ósasvæðið sé afar mikilvægt, bæði seiðum á leið til sjávar og fullvöxnum laxi, sem sé að ganga í árnar til hrygningar.“ Ósasvæði geti þannig aukið verulega lífslíkur seiða og laxa á leið til sjávar, með það í huga að vöxtur og styrkur þeirra aukist verulega áður en farið sé á hafbeitarstöðvar. Sama megi segja um bleikjustofna sem gangi í Vatnsdalsá og aðrar þverár hennar. Þekkt sé að bleikjustofnar dvelji lengi við á ósasvæði áður en bleikjan fari upp í ár til hrygningar. Bleikja í fæðuöflun fari inn á ósasvæðið og síðan aftur út í sjó milli há- og lágflæðis. Á síðustu árum hafi margir vísindamenn talið að ósasvæði laxveiðiáa hafi veruleg áhrif á afkomu laxaseiða sem séu að ganga til sjávar. Seiði staldri við á ósasvæðinu áður en þau fari út í sjó og lífslíkur þeirra aukist til muna. Allar líkur bendi til að ósasvæði Húnavatns sé fæðustöð laxfiska eins og oft sé á mótum salt- og ferskvatns. Mikilvægt sé að upplýsingar endurspegli staðhætti og skilyrði svo réttlát niðurstaða fáiast þegar lagt sé mat á þennan þátt arðskrármatsins. Sé það afstaða veiðiréttareiganda að upplýsingar Norðurlandsdeildar Veiðimálastofnunar séu ekki marktækar í þessu tilliti og sé þess því krafist að nýtt mat á hrygningar- og uppeldisskilyrðum fari fram og að ekki verði stuðst við fyrra mat við arðskrárgerðina. Sé þess krafist að tekið verði fullt tillit til uppeldisskilyrða fyrir landi Hjaltabakka í Húnaósi, á lögbundnu friðunarsvæði í sjó, og á ósasvæði Vatnsdalsár.

Varðandi landlengd að veiðivatni sé meðal annars vísað til þess að við útreikning á landlengd Hjaltabakka verði að telja með báða bakka Hólmakvíslar, alla bakka Húnavatns og Hjaltabakkahólma. Síðustu 20 árin megi ætla að meðaltal landlengdar við Hólmakvísl sé áþekkt því sem landlengd hafi verið á árinu 2008. Í gildandi yfirmati hafi matsmenn lagt huglægt mat á það hvernig ósinn geti færst til milli ára með því að taka meðaltal af minnstu og mestu landlengd. Síðustu áratugina fyrir 1993 hafi lega Húnaóss verið með svipuðum hætti og loftmyndir sýni fyrir árið 1993. Sú ákvörðun yfirmatsmanna að taka legu Húnaóss eins og hún hafi verið árin 1995 og 1993, leggja saman og deila í með tveimur, sé því mjög óeðlileg.

Ljóst sé að landlengd Hjaltabakka að sameiginlegu ósasvæði Laxár og Vatnsdalsár sé mun meiri en gengið hafi verið út frá í gildandi yfirmati. Með vísan til mælinga Landmælinga



Íslands og Jóns Sigurðssonar búnaðarráðunauts liggi fyrir að landlengd jarðarinnar, að ósi Laxár, sé samtals 6.258 metrar. Hins vegar sé þess krafist, með vísan til tilgreindra raka, að matsmenn láti endurmæla landlengd á ósasvæðinu og taki þá mið af landlengd eins og hún hafi verið við dagsetningu matsbeiðni. Verði ekki fallist á þá kröfu sé þess krafist að meðaltal landlengdar verði reiknað út fyrir síðustu tuttugu árin, en að auki verði báðir bakkar Hólmakvíslar í landi Hjaltabakka reiknaðir inn í landlengd vatnasvæðisins. Sé krafan því sú að landlengd fyrir landi Hjaltabakka teljist að lágmarki 6.258 metrar við ákvörðun eininga fyrir landlengd. Í öllum tilvikum verði tekið tillit til landlengdar norðvesturbakka Húnavatns, frá suðausturodda Granda upp að efri mörkum Laxár, bakka Hjaltabakkahólma og beggja bakka Hólmakvíslar.

Varðandi aðstöðu til veiða sé á það bent að veiðifélög Vatnsdalsár og Laxár á Ásum hafi allt frá árinu 1937 bannað alla veiði fyrir landi Hjaltabakka á ósasvæði Húnavatns og Hólmakvíslar. Margir stangveiðimenn telji neðri hluta ósasvæðisins eitt af bestu ósasvæðum sem til séu hérlendis. Svæðið sé eitt samfellt veiðisvæði frá ósi í sjó upp fyrir Hjaltabakkahólma. Gönguleið laxfiska sé báðum megin við Hjaltabakkahólma. Dýpi Húnavatns, og þar með gönguleið laxfiska, megi greina á loftmynd af svæðinu sem fengin hafi verið á vef Fasteignamats ríkisins, fmr.is, á árinu 2009. Dökkur litur á myndinni sé merki um meira dýpi og hvar mesti straumur vatns sé í Húnavatni. Aðstæður við Hólmakvísl og Húnavatn til að veiða laxfiska á leið upp í Vatnsdalsá væru mjög góðar væri stangveiði þar leyfð. Séu staðhættir við Hólmakvísl áþekkir mörgum öðrum veiðisvæðum þar sem leyft sé að veiða á stöng, eins og t.d. neðsta hluta Laxár í Þingeyjarsýslu, fyrir neðan Æðafossa, og í Straumunum við ármót Hvítár og Norðurár. Á framangreindu svæði megi auðveldlega hafa fjórar stangir, tvær í Hólmakvísl og tvær við Hjaltabakkahólma. Ef seld yrðu stangveiðileyfi á þessum svæðum megi ætla að söluverðmæti væri ekki undir 5,4 milljónum króna á ári og miðað við að hlutdeild Veiðifélags Vatnsdalsár gæti numið 2/3 til 3/5 hlutum af söluverðinu megi ætla að hlutur Hjaltabakka vegna Veiðifélags Vatnsdalsár yrði á bilinu 3,2-3,6 milljónir króna. Sé gerð sú krafa til matsmanna að þeir geri sérstaka grein fyrir því hvernig aðstaða til stangveiða sé metin á ósasvæðinu og að Hólmakvísl verði sérstakur matsliður í því mati. Þá sé kveðið á um það í 6. gr. laganna nr. 61/2006 að fasteignaeigendum sem land eigi að stöðuvatni sé einum heimil veiði í almenningi vatnsins og að hún sé þeim öllum jafnheimil. Almennigur sé skilgreindur sem það svæði sem sé utan netlaga, 115 metra frá bakka. Almennigur í Húnavatni sé þannig sameign allra veiðiréttarhafa við Húnavatn og beri matsmönnum að meta hlutdeild hvers og eins þeirra í almenningnum.

Um netaveiði sé það hins vegar að segja að hún hafi frá ómunatíð verið stunduð í Húnavatni, ósasvæði Laxár og Vatnsdalsár, af kirkjujörðunum Þingeyraklaustri og Hjaltabakka. Veiði hafi þó verið afar lítið stunduð á árabílinu 1900 til 1930, þó að einhverju leyti frá 1930 og þar til Veiðifélag Vatnsdalsár var stofnað, einkum vegna þess

hve langt hafi verið að fara frá Hjaltabakka niður að ósasvæðinu. Þó séu skráðar heimildir í hlunnindaskráum um silungsveiði fyrir landi Hjaltabakka og Húnsstaða sem sanni netaveiði í Húnavatni á ósasvæðinu. Í Hólmakvísl sé hægt að leggja net á tveimur eða þremur stöðum án mikillar fyrirhafnar. Aðstaða í Húnavatni sé mun betri. Út frá Hjaltabakkahólma sé hægt að leggja fjölda neta í kvíslarnar beggja vegna hólmans. Á loftmyndum, m.a. á vefnum [fmr.is](http://fmr.is), megi sjá að gönguleið laxa úr sjó í Húnavatn sé um Hólmakvísl, þaðan í Húnavatn meðfram báðum bökkum Hjaltabakkahólma og síðan með austurbakka Húnavatns upp í Laxá á Ásum. Gönguleið laxa í Vatnsdalsá sé aðallega með vesturbakka Hjaltabakkahólma, en að hluta til með austurbakkanum. Möguleikar á að veiða lax í net á þessu svæði séu miklir. Í skýrslu Veiðimálastofnunar, Lax- og silungsveiðin 2006, sé fjallað um áhrif á veiðitölur vegna uppkaupa netaveiða á vatnasvæði Hvítár í Borgarfirði. Komi þar fram að upptaka neta hafi leitt til aukningar á veiði í hliðarám Hvítár og sé bein aukning þar metin 26,2%, en heildaraukning sé á bilinu 28,3-34,7%. Aðstaða í Hólmakvísl sé mun betri en við Hvítá, bæði vegna minna vatnsmagns og að auðveldara sé að leggja net í Hólmakvísl. Aðstaða til netaveiði á ósasvæði Vatnsdalsár, í landi Hjaltabakka, sé afar góð og verði að telja varlega áætlað að hægt væri að veiða í lagnet um 30-35% af laxfiski sem gengi af ósasvæðinu upp í Vatnsdalsá, væri veiðin stunduð alla daga vikunnar. Enn betri aðstaða til netaveiði sé fyrir hendi á vatnasvæði Húnavatns og Hólmakvíslar. Netaveiði sem væri eingöngu stunduð á ósasvæði Vatnsdalsár myndi lækka veiðitölu vegna stangveiði verulega í öllum laxveiðiám sem tengist vatnasvæði Húnavatns, miðað við að rannsókn Veiðimálastofnunar sé marktæk. Verð á seldum veiðileyfum myndi líklega lækka hlutfallslega enn meira, eða allt að 40-50%, í ám á vatnasvæðinu. Miðað við sögulegar heimildir, rannsóknir Veiðimálastofnunar á hækkun veiðitölu á stangarveiddum laxi, ef net væru tekin upp, hlunnindaskýrslur og aðstöðu til netaveiða á ósasvæðinu sé ljóst að hlutdeild Hjaltabakka í mögulegri netaveiði í Vatnsdalsá sé stór hluti af mögulegri heildarnetaveiði á vatnasvæðinu.

Upptaka neta sé framlag eigenda veiðiréttar til að auka arðgreiðslur heildarinnar. Samkvæmt munnlegum upplýsingum sem talsmaður landeiganda hafi aflað sér hafi verið gerður samningur um upptöku neta úr Hvítá í Borgarfirði er feli í sér að um 18 milljónir króna séu greiddar fyrir 5.000 laxa, eða um 3.600 krónur fyrir hvern netaveiddan lax. Þá liggi einnig fyrir upplýsingar sem bendi til þess að Stangveiðifélag Reykjavíkur greiði landeigendum við Hvítá/Ölfusá 4.190 krónur fyrir hvern netaveiddan lax vegna upptöku neta þar. Sé það krafa eiganda Hjaltabakka að framangreindur samningur við landeigendur við Hvítá/Ölfusá verði notaður sem viðmið við arðskrármatið nú.

Með hliðsjón af framangreindu megi ljóst vera að ákvörðun veiðifélaganna um friðun Húnaóss og Húnavatns fyrir stang- og netaveiði valdi eiganda Hjaltabakka fjárhagslegu tjóni þar sem engin veiðitala sé skráð á þessu svæði. Að sama skapi hækki veiðitala á öðrum svæðum. Eiganda Hjaltabakka sé þannig fyrirmunað að veiða lax í Vatnsdalsá, á

sama hátt og honum sé meinað að veiða fiskistofna úr Laxá á Ásum og Fremri-Laxá á neðri hluta ósasvæðisins, fyrir neðan ólöglega línu sem fyrri matsmenn hafi dregið þvert yfir Húnavatn. Þar með myndist bótaskylda annarra veiðiréttarhafa gagnvart eiganda Hjaltabakka skv. 49. gr. laga nr. 61/2006. Einnig sé kveðið á um það í 72. gr. stjórnarskrárinnar að eignarrétturinn sé friðhelgur. Þess sé því krafist að matsmenn ákveði bætur vegna tjónsins og að þær greiðist í formi aukins arðs til eigandans samkvæmt arðskrá. Einnig sé gerð sú krafa að vægi matsliðarins fyrir aðstöðu til netaveiði verði hækkað og verði að minnsta kosti jafnt við vægi aðstöðu til stangveiði.

Loks sé þess krafist að við mat á arði eiganda Hjaltabakka verði tekið fullt tillit til vatnsmagns auk flatarmáls og gerðar vatnsbotns í Hólmakvísl og Húnavatni. Þá verði einnig litið til þess að breytingar á veiðiaðferðum, meðal annars bann við netaveiðum, bann við maðka- og spónaveiðum, ákvæði um friðun veiðisvæða og auknar sleppingar veiddra fiska, hækki veiðitölu í efri hluta áa.

Í viðbótargreinargerð eiganda Hjaltabakka, dags. 13. maí 2010, sem send var í framhaldi af athugasemdum í greinargerð eiganda Þingeyra, kveðst hann meðal annars mótmæla því að loftmynd sem eigandi Þingeyra hafi lagt fram í málinu hafi einhverja þýðingu varðandi mörkun á landamerkjalinu milli jarðanna. Engar upplýsingar liggi fyrir um hver dregið hafi viðkomandi línu inn á myndina og á hvaða forsendum það hafi verið gert. Myndin sé ekki hnitsett og ekki hafi verið farið eftir landamerkjaskrá Hjaltabakka við mörkun línunnar. Sé þess krafist að fyrri landamerki, sem sýnd séu á uppdrætti með greinargerð Hjaltabakka, dags. 3. apríl 2009, verði lögð til grundvallar. Uppdráttur þessi hafi verið unninn af Landmælingum Íslands hinn 3. apríl 2009 og hafi eigandi Þingeyra ekki sýnt fram á að hann sé ómarktækur. Eigandinn tekur og fram, vegna ábendingar eiganda Þingeyra í greinargerð um stóraukna stangveiði í landi þeirrar jarðar, að ásókn veiðimanna í veiði á ósasvæðinu sé mun fremur við Hjaltabakkahólma og neðan hans en í landi Þingeyra. Þar sem veiði sé bönnuð í landi Hjaltabakka á ósasvæðinu verði að telja að verulegar líkur séu á að veiðimenn sem þar stundi sannanlega veiðar skrái afla sinn fremur í landi Þingeyra.

Frekari rök og ítarleg sjónarmið veiðiréttareigandans liggja fyrir í málinu en verða ekki rakin hér nánar. Matsnefndin hefur þó haft þau öll til hliðsjónar við úrlausn þess.

## **7.2 Þingeyrar**

Í greinargerð eiganda er þess krafist að hlutur jarðarinnar í arðskrármati Vatnsdalsár verði aukinn verulega frá gildandi arðskrá. Arðshlutfallið verði að minnsta kosti ekki lækkað. Er þar rakið að allt frá því reglur um arðsúthlutun hafi verið settar á árinu 1959 hafi einingafjöldi jarðarinnar stöðugt farið lækkandi. Þannig hafi hann verið 175 af 1300, eða 13,5% árið 1936, en hafi verið kominn í 71 einingu af 1000, eða 7,1%, í gildandi mati frá 1996. Einingafjöldinn í gildandi mati sé því aðeins 50% af því sem verið hafi árið 1936 og

hann sé aðeins 56% af því sem hann hafi verið árið 1959. Sé með ólíkindum hvernig farið hafi verið með veiðiréttindi hinnar fornu hlunnindajarðar Þingeyra og sé vart hægt að kalla það annað en eignaupptöku. Hljóti matsmenn að þurfa í störfum sínum að huga að ákv. 72. gr. stjórnarskrárinnar í þessu tilliti. Af athugasemdum við 2. mgr. 41. gr. frumvarps til laganna um lax- og silungsveiði nr. 61/2006 verði dregin sú ályktun að vilji löggjafans hafi staðið til þess að byggja arðskrárgerð á sömu sjónarmiðum og fyrirmælum og verið hafi í gildi með áður gildandi lögum nr. 76/1970. Þau atriði sem líta skuli til við úthlutun arðs hafi verið óbreytt frá því lög nr. 53/1957 um lax- og silungsveiði hafi verið sett.

Fyrir liggja að hlunnindi Þingeyrajarðarinnar séu nær einvörðungu netaveiðihlunnindi sem nýtt hafi verið áður fyrr. Sú nýting hafi ekki farið fram nú um áratugaskeið, m.a. samkvæmt ákvörðun veiðifélagsins, til að spilla ekki stangveiði ofar í ánni. Við blasi að það sé forsenda verðmætis stangveiðileyfa í ánni að net hefti ekki frjálssa för laxfiska um hana. Þetta fyrirkomulag minnki veiðiálag á laxfiskstofna árinna sem styrki viðkomu þeirra og þar af leiðandi verðgildi samninga um leigu árinna. Samkvæmt skýrum fyrirmælum 2. mgr. 41. gr. laga nr. 61/2006 sé það svo að við arðskrármat beri að líta til „aðstöðu til netaveiði og stangveiði“. Það sé aðstaðan ein sem skipti máli en ekki hvort hún sé nýtt. Óhætt sé að fullyrða að engin breyting hafi orðið á aðstöðu til netaveiði í ánni frá Þingeyrum svo áratugum skipti. Standi því rök til þess að hækka arðskrárhluftfall jarðarinnar, í takt við það sem það hafi verið fyrr á tíð. Að minnsta kosti sé fráleitt að lækka það hlutfall.

Ljóst sé að framlag Þingeyra til arðsmyndunar í ánni sé verulegt með því að þaðan séu ekki lögð net. Þannig sé verðið sem fáið fyrir útleigu á stangveiði árinna miklu hærra fyrir þá sök. Af því leiði að snar hluti þess verðs sem fáið fyrir útleigu stangveiðiréttinda sé í reynd greiðsla til Þingeyra fyrir að veiða ekki í net þann lax sem jörðin myndi ella veiða þar ef hún nýtti þessi hlunnindi. Í skýrslu Veiðimálastofnunar um áhrif netaupptöku á stangveiði í Hvítá í Borgarfirði og þverám hennar, frá árinu 2001, komi meðal annars fram í niðurstöðukafla að ljóst virðist vera „að aukning í laxgengd og veiði á vatnasvæði Hvítár hafi orðið talsvert meiri við það að stærstur hluti neta var leigður af veiðiréttarhöfum í hliðaránum, sem eingöngu stunda stangveiði“. Þá segi og að ef miðað sé við „að netaveiði hefði haldist hlutfallsleg af heildargöngunni, hefði áfram verið veitt í net, þá reiknast til að um 43,0-60,8% af því sem annars hefði veiðst í net sé nú veitt á stöng“. Þá sé og vísað til meðfylgjandi samninga sem gerðir hafi verið um upptöku eða leigu á netaveiði í Hvítá í Borgarfirði og Ölfusá. Megi af þeim ráða hvílík verðmæti séu fólgin í slíku. Þannig hafi tekjur Veiðifélags Hvítár af slíkum samningum á árinu 2006 numið 16.818.025 krónum. Á árunum 1981-1990, meðan netaveiði hafi enn verið stunduð fullum fetum í Hvítá, hafi meðalveiði í net á ári verið 5.049 laxar, sbr. bls. 8 í nefndri skýrslu. Þá sjáist af samningi Selfossbænda við Stangveiðifélag Reykjavíkur frá 12. október 2006 að bændum séu greiddar árlega 5.800.000 krónur fyrir netaupptöku í Ölfusá. Hafi meðalnetaveiði í Ölfusá

fyrir landi Selfossjarða árin 1997-2006 verið 814 laxar. Af þeim tölum sem þar komi fram megi áætla verðmæti lax sem hefði ella verið veiddur í net. Ljóst sé af framanröktum upplýsingum að aflögn netaveiða sé til verulegrar verðmætisaukningar á stangveiði í Vatnsdalsá og seldum leyfum vegna hennar. Fráleitt sé að ætla annað en að Þingeyrar, sem netahlunnindajörð, eigi að njóta stórs hluta af þeim ávinningi. Bendir eigandinn á að framlag Þingeyra til verðmætis árinna sé einmitt að veiða ekki í net frá jörðinni.

Við úthlutun arðs af veiði verði jafnframt að líta til hinnar fornu meginreglu lax- og silungsveiðilöggjafar um að hver maður megi veiða fyrir sínu eignarlandi, sbr. nú 1. mgr. 5. gr. laga nr. 61/2006. Þó svo að sú regla hafi ekki gildi í framkvæmd, þar sem lögákveðin skylduáðild sé að veiðifélögum, sbr. 1. mgr. 37. gr. sömu laga, og veiðiréttareigendum sé almennt óheimilt að veiða í veiðivatninu eftir stofnun slíks félags, sbr. 3. mgr. 37. gr., hafi reglan allt að einu þýðingu við útteilingu arðs. Fyrir liggi að ef farið væri eftir henni í framkvæmd hefði það þær afleiðingar að skipulagsleysi ríkti og einstakir veiðibændur kynnu að koma ár sinni vel fyrir borð á kostnað heildarinnar. Ljóst sé til að mynda að ef netaveiði færi fram af fullum þunga frá Þingeyrum hefði það veruleg áhrif á veiði annars staðar í ánni.

Varðandi landlengd jarðarinnar að ósasvæðinu sé á því byggt að þar sem útfall eða ós Húnavatns til sjávar sé á stöðugri hreyfingu sé við ákvörðun á bakkalengd eðlilegt að leggja til grundvallar mat á heildaraðild að ósasvæðinu án þess að láta það skipta máli hvar útfallið falli fram hverju sinni. Eigandinn lýsi sig þó samþykkan niðurstöðu í gildandi yfirmatsgerð hvað þetta varði. Þar sé lagt til grundvallar að útfallið geti færst til á stóru svæði sem markist að vestan af þeim stað sem það hafi verið á við skoðun yfirmatsmannanna á árinu 1995 og að austan af þeim stað sem loftmynd sýni legu óssins á árinu 1993. Hafi Hjaltabakka því verið ákveðin landlengd þarna sem svari því að ósinn félli til sjávar um miðju þessa svæðis. Sé eðlilegt að miðað verði við sömu forsendur nú.

Varðandi merkjalínu á milli Þingeyra og Hjaltabakka þá sé gerð athugasemd við þá niðurstöðu í gildandi yfirmati að miða beri landlengd jarðanna við að merkjalínan liggi vestan við Hjaltabakkahólma. Enginn ágreiningur sé um að mörkum jarðanna sé rétt lýst í landamerkjabréfi Hjaltabakka frá árinu 1889 en þar segi svo: „... að vestan eru merki sjónhending af sandinum við flóðfar, eftir því sem merkjavarða sýnir, í Undirfellstind þegar hann ber í lægðina austan til við hinn hæsta og vestasta af Akurshólum ...“ Þessi merkjalína sé glögg og hafi verið hnitsett inn á fyrirliggjandi loftmynd. Megi af þessu ljóst vera að hún liggi austar en gengið hafi verið út frá í matsgerðinni og sé bakkalengd Þingeyra því vanreiknuð sem því nemi. Sé krafist leiðréttingar á þessu við gerð nýrrar arðskrár.

Varðandi önnur sjónarmið sem líta beri til við ákvörðun á arðshlut jarðarinnar sé á það bent að sú breyting hafi orðið með gildistöku lax- og silungsveiðilaganna nr. 61/2006 að taka þurfi sérstakt tillit til vatnsmagns og stærðar vatnsbotns. Komi þetta ekki síst til álita fyrir landi jarða eins og Þingeyra þar sem vatnsbotn og vatnsmagn sé margfalt að umfangi miðað við aðrar jarðir ofar í fiskihverfinu og hafi auðvitað mikla þýðingu fyrir fiskgengd, uppeldisskilyrði o.fl. Beri að líta til þessa og auka vægi Þingeyra í mati til samræmis við það. Hins vegar séu í meginatriðum ekki gerðar athugasemdir við þær forsendur sem miðað hafi verið við í gildandi yfirmati vegna hrygningar- og uppeldisskilyrða fyrir landi jarðarinnar.

Í viðbótargreinargerð eigandans, dags. 20. maí 2010, sem send var í framhaldi af athugasemdum í greinargerð Hjaltabakka, eru fyrri sjónarmið ítrekuð um að leggja beri til grundvallar að ósasvæðið liggi vestar, og að landamerki Þingeyra og Hjaltabakka séu austar, en byggt sé á hjá eiganda Hjaltabakka. Liggi þannig hluti Hjaltabakkahólma innan landsvæðis Þingeyra, sbr. „hnitsetta loftmynd“ sem verið hafi á fskj. nr. 8 með upphaflegri greinargerð hans til matsnefndarinnar. Þá beri að miða við að útfallið til sjávar sé töluvert vestar en nú sé og örugglega innan landamerkjia Þingeyra. Sérstaklega sé hvað þetta varði mótmælt hugmyndum eiganda Hjaltabakka um að mæla beri landlengd fyrir hvert ár og reikna meðaltal út frá því, enda sé sú aðferð til þess fallin að valda miklum ágreiningi í framkvæmd.

Í viðbótargreinargerðum, dags. 17. ágúst 2010 og 19. janúar 2011, hnykkir eigandinn enn á framangreindum sjónarmiðum sínum. Sé í því sambandi á það bent að nefndin hafi í matsgerð sinni fyrir Veiðifélag Víðidalsár, dags. 7. júlí 2010, tekið fram að réttur til netaveiði sé jafngildur rétti til stangveiði. Hafi nefndin þar úthlutað sanngjörnum einingum í samræmi við þau sjónarmið sem eigandinn hafi byggt á varðandi aðstöðu til veiði. Sé þess krafist að tekið verði við arðskrámat þetta sambærilegt tillit til neta- og stangveiði og gert hafi verið í greindri matsgerð fyrir Veiðifélag Víðidalsár. Verði því leiðrétt þau mistök sem virðist hafa orðið í gildandi yfirmatsgerð að ekkert tillit hafi þar verið tekið til aðstöðu til netaveiði. Skýri það mögulega hið lága hlutfall Þingeyra í gildandi arðskrá, sem sé 7,1%. Einnig sé vakin athygli á því að samkvæmt tölum veiðifélagsins hafi silungsveiði á stöng verið töluverð í landi Þingeyra á tímabilinu 1998-2009. Þannig komið fram í veiðitölum frá 2009 að á veiðisvæðum þeim sem séu óumdeilanlega í landi Þingeyra hafi veiðst um 8,2% af öllum urriða í ánni. Þá hafi veiði á bleikju á árinu 2008 verið þar um 17,2% af heildarveiði árinna. Sé hvað þetta varði einnig tekið mið af veiðistöðunum Ósi nr. 101 og Hjaltabakkahólma nr. 103, sem deilur standi um hvort tilheyri Þingeyrum eða Hjaltabakka, sé ljóst að veiðin í landi Þingeyra teljist töluvert meiri. Verði fallist á sjónarmið eiganda Þingeyra hvað það varði teljist veiði á urriða um 16,3% og á bleikju 53,3%. Loks telji eigandinn að við úthlutun arðs til Þingeyra vegna aðstöðu til veiða á

stöng þurfi einnig að taka tillit til veiði á veiðistöðum sem liggja austanmegin árinna, fyrir jörðum öndvert landi Þingeyra.

### 7.3 Vatnsdalshólar

Landeigandi bendir á í bréfi til matsnefndar að úthlutuðum einingum vegna Vatnsdalshóla hafi stöðugt farið fækkandi í síðustu arðskrámtötum. Telur hann að rekja megi ástæðu þessa meðal annars til skurðgraftrar á vegum veiðifélagsins í Flóðinu á árinu 1994. Við það hafi mikill jarðvegur borist fram er leitt hafi til áður óþekkrar gróðurmyndunar í Hólakvörn og Skriðuvaði. Hrygningarstöðvar hafi spillst og dregið hafi verulega úr veiði í Hólakvörn síðsumars þrátt fyrir að reynt hafi verið að fara með tæki til að slá gróðurinn. Þá sé vakin athygli á að Flóðið sé mikilvægt fyrir uppeldi silungs.

### 7.4 Hjallaland

Í bréfi sínu til matsnefndar kveðast eigendur vísa til krafna sinna við gerð núgildandi yfirmats varðandi það m.a. „að fullt tillit yrði tekið til Miðkvíslar, afnám netaveiðinnar hafi ekki leitt til hærri hlutdeildar jarðarinnar í arðskrá, svo sem lofað var á sínum tíma og einnig kröfur okkar varðandi svokallaðan „Jónasarhólma“, þar kallaður Hnappeyri (í landamerkjabréfinu) sem er talinn allur í landi Hjallalands skv. hjálögðu ljósriti af landamerkjabréfi.“ Þá vísa eigendur og til þess að veiðifélagið hafi ekki enn fallist á að kosta viðhald vegar, sem lagður hafi verið niður að Vatnsdalsá, að öllu leyti eða að hluta og fara fram á að matsnefnd taki tillit til þessa í arðskrármatinu. Vegna skírskotunar í bréfinu til kröfugerðar gagnvart yfirmatsnefnd við gerð gildandi yfirmatsgerðar sendi matsnefnd eigendunum bréf, dags. 13. apríl 2010, þar sem þeim var boðið að skýra kröfugerð þessa frekar en ekkert svar hefur borist til nefndarinnar vegna þessa.

### 7.5 Hnjúkur

Í bréfi sínu til nefndarinnar lýsir eigandi jarðarinnar þeirri skoðun sinni að jörðinni beri að fá mun hærri hlutdeild í arði árinna en hún hafi nú. Fyrir landi jarðarinnar sé einn besti veiðistaður á silungasvæðinu, Bríkarhylur, auk tveggja annarra veiðistaða. Hafi leigutekjur vegna silungssvæðanna aukist til muna síðustu 5-8 árin í samanburði við laxasvæðin. Þá sé vakin athygli á því að meginhluti árinna renni vestan megin og megi leiða að því líkur að fiskurinn fari um þá kvísl, ekki síst vegna mikilla grynninga austan til í Flóðinu. Hnjúkur eigi land beggja vegna engjalands. Mjög gott aðgengi sé að ánni fyrir landi Hnjúks.

### 7.6 Undirfell

Landeigandi vekur athygli nefndarinnar á því að ákvörðun hafi verið tekin um það fyrir nokkrum árum að Giljá yrði hluti af silungasvæði Vatnsdalsár, en Kirkjufljótið í staðinn fært af silungasvæðinu yfir á laxasvæðið og fjölgað þar um eina stöng. Laxveiðimenn sjáist þar hins vegar sjaldan við veiðar. Vegna þessa sé ekki hægt að nota fjölda veiddra fiska í landi Undirfells sem grundvöll arðskrármats því svæðið sé í raun í „gíslingu“

laxveiðisvæðisins. Er og sett fram sú beiðni að metið sé hvort Undirfell hafi meiri tekjur af því að hvíla svæðið fyrir laxveiðimenn eða leyfa silungsveiðimönnum að njóta þess.

### **7.7 Ás**

Landeigandi vísar meðal annars til þess að mjög gott aðgengi sé að Vatnsdalsá í Áslandi öfugt við það sem sé frá bakkanum hinum megin árinna, fyrir landi Marðarnúps. Hafi þetta í för með sér nokkurn átroðning, enda sé öll veiðin frá bakka Áslands. Hafi honum því þótt sérkennilegt, miðað við að Marðarnúpur eigi eingöngu á móti Ási, að í síðasta yfirmati hafi einingum Marðarnúps verið fjölgað um átta á meðan einingum Áss fækkaði um eina.

Í viðbótargreinargerð, dags. 15. janúar 2011, kveðst eigandinn halda því fram að veiðistaðurinn Búbót sé í landi Áss. Þar hafi fyrst farið að veiðast fiskur þegar áin hafi hætt að renna meðfram móhellunni á Ásbrekku fyrir um 25 árum og farið austur fyrir móhelluhólmana, austur í Þórormstunguland, runnið þaðan í norður og komið í bakkann austan við mörkin milli Áss og Ásbrekku. Hafi þar með myndast Búbótarhylurinn í landi Áss. Veiðst hafi þar vel fyrstu árin en hylurinn hafi breytt sér hin síðari ár og sé veiðin þar nú fremur dræm. Vegna staðhæfinga eiganda Ásbrekku um að veiðimenn hafi oft eða jafnvel oftast staðið í landi Ásbrekku þegar þeir hafi sett í lax í Búbót sé tekið fram að fiskurinn taki agnið í landi Áss en ekki Ásbrekku og hljóti það að skipta meira máli en það hvar veiðimaðurinn sé sjálfur staðsettur þegar það gerist.

### **7.8 Marðarnúpur**

Veiðiréttareigendur Marðarnúps lýsa þeirri skoðun sinni að mælingar frá árinu 1994 eigi ekki lengur við. Miklar breytingar hafi orðið á Vatnsdalsánni við land Marðarnúps, en þar hafi mikið landbrot átt sér stað síðustu ár. Hafi áin brotið sér leið lengra inn í land Marðarnúps, til dæmis þar sem veiðistaðurinn Búbót sé. Á sama hátt hafi sú breyting orðið á 126 metra löngu svæði, sem sagt hafi verið land Þórormstungu, á móti Ási, að áin hafi breytt um farveg og renni nú með landi Marðarnúps.

Eftir að eigendunum höfðu verið kynnt sjónarmið eiganda Þórormstungu er tengdust hagsmunum jarðarinnar sendu þeir matsnefnd bréf, dags. 27. desember 2010, þar sem þeir ítreka þann vilja sinn að skipting á eignaraðild veiðistaða gagnvart Þórormstungu verði óbreytt frá fyrra mati.

### **7.9 Þórormstunga**

Af hálfu veiðiréttareigandans er í upphaflegri greinargerð til matsnefndar vísað til þess „að í meginatriðum séu gerðar sömu kröfur og við síðasta mat“ en þó sé nú lögð meiri áhersla á eignarrétt þeirra að ánni „þar sem eignaraðild Saurbæjar lýkur og niður að Tunguárósum“. Þessum hluta sé lýst þannig í landamerkjaskrá fyrir Ormstungu frá 1891: „... frá



Saurbæjarlandi norður og austur að Tunguárósi ræður Vatnsdalsá (eða sá farvegur, sem hún rennur nú í) merkjum milli Áss og Þórormstungu“. Sé af hálfu eigenda litið svo á að meginfarvegur árinna hafi ætíð verið í svo til beinni línu frá Línufljóti norður í Móhelluhyl þó svo áin hafi af og til brotið sér leið um landareignina til austurs, enda sé ekki ágreiningur um eignarhald Þórormstungu á hólmanum sunnan og austan við áðurnefndan Móhelluhyl. Þannig hafi áin brotið sér nýja leið einhvern tímann á níunda áratug síðustu aldar, svo til beint í austur frá Hólmahyl, gegnum land Þórormstungu eftir mjóum lækjarfarvegi, allt þar til kemur að Búbót. Telji eigendur sig eiga bakka beggja vegna árinna á því bili. Séu því bæði Forsetahylur og Búbót efri að fullu í eigu Þórormstungu. Hvað aðra veiðistaði varði gildi sú krafa sem eigendurnir hafi sett fram við síðasta mat. Sú undantekning sé þó á því að gerð sé krafa til þess að tekið verði mið af þeirri línu sem mörkuð hafi verið milli Þórormstungu og Saurbæjar með hæstaréttardómi í málinu nr. 184/1964, sem markist af sjónlínu með girðingu sem sett hafi verið upp milli bæjanna í framhaldi af dómsniðurstöðunni. Ásbrekkuhylur, Hornfljót og Hólmahylur séu þannig að hálfu í eigu Þórormstungu og líti eigendurnir svo á að Búbót neðri verði óbreytt þrátt fyrir breytingar á flæði árinna.

Eftir að matsnefnd hafði boðið eigandanum að skýra kröfugerð sína frekar sendi hann viðbótargreinargerð, dags. 6. maí 2010. Kemur þar meðal annars fram að þess sé krafist að allir veiðistaðir ofan við þann stað þar sem framangreind merkjalína milli Þórormstungu og Saurbæjar annars vegar og Haukagils hins vegar skerist við bakka Vatnsdalsár, allt að landamerkjum Sunnuhlíðar, verði metnir 50% í eigu Þórormstungu. Séu þar með taldir Kraki, Efri brú, Grjóthrúgukvörn, Litla kvörn og Efri-Ármót. Þá sé þess krafist, með vísan til framangreindrar landamerkjaskrár fyrir Þórormstungu og hæstaréttardómsins í málinu nr. 184/1964, að landamerki jarðarinnar verði ákveðin eftir línu sem dregin sé eftir þeim farvegi, sem ætla megi að hafi verið meginfarvegur árinna frá 1890 allt þar til áin hafi brotið sér leið eftir mjóum farvegi nánast beint austur frá Hólmahyl yfir í Búbót. Verði hólmanir sem myndist við þessar breytingar, og markist af Hólmahyl og Móhelluhyl að vestan, Móhelluhyl og Búbót að norðan, Búbót efri að austan og Forsetahyl að sunnan, því taldir í eigu Þórormstungu. Af því leiði að áin frá Hólmahyl og yfir á Búbót sé að öllu leyti í eigu Þórormstungu, og þá allir þeir veiðistaðir sem á því svæði liggja, s.s. Forsetahylur efri og Tunguhylur. Enn fremur sé þess krafist að Hólmahylur og aðrir veiðistaðir sunnan hans, allt að landamerkjum Saurbæjar, verði metnir 50% í eigu Þórormstungu. Þá segir að af landamerkjaskránni verði ráðið að Þórormstunga hafi upprunalega átt nær allan bakka árinna milli Búbótar og Tunguárósa, að undanteknum „litlum kafla sem Vatnsdalsá er búin að brjóta af fyrir fáum árum“. Síðan hafi Vatnsdalsá haldið áfram að brjóta af landinu og við síðasta mat hafi Marðarnúpur þannig öðlast nær allan bakkann frá Búbót að Tunguárósum, að undanteknum smávægilegum eftirstöðvum af Mislingatanga, u.þ.b. 30 x 30 m við Tunguárós.

Loks megi velta fyrir sér með hvaða hætti ný eignaraðild jarðanna Þórormstungu og Marðarnúps skuli ákvörðuð nú þegar áin virðist vera að færa sig yfir á fyrri árfarveg. Geri eigandi jarðarinnar því kröfu um 50% eignarhlut í Tunguárósum og í framhaldi af því 30% eignarhlut í Tunguá, á móti Marðarnúpi, og 50% eignarhlut í Tunguá og Hólkotskvísl, á móti öðrum jörðum sem að ánum liggi, þ.e. Guðrúnarstöðum, Vöglum og Kárdalstungu.

Í bréfi, dags. 1. nóvember 2010, gerir veiðiréttareigandinn til viðbótar þá kröfu að við ákvörðun arðs verði tekið fullt tillit til niðurstöðu Veiðimálastofnunar um skiptingu framleiðslueininga á einstakar jarðir.

Í bréfi, dags. 15. nóvember 2010, kveðst talsmaður landeiganda vilja gera athugasemdir vegna sjónarmiða sem landeigandi Ásbrekku hefur sett fram. Kveðst hann telja að meginfarvegur Vatnsdalsár hafi árið 1890 verið sá sami og verið hafi undanfarin 50 til 60 ár, eða svo lengi sem loftmyndir hafi verið teknar af ánni. Sé þessi farvegur þannig að frá vörðu sem hugsuð væri vestan til í Ásmóhelli, eða á miðri Ásbrekku, sé hægt að horfa suður um farvegi Vatnsdalsár, fram að Brekkulæk. Beri því að draga landamerki jarðanna frá punkti sem hugsaður sé í miðjum farvegi árinna, þar sem Brekkulækur renni í hana, og í norður í fyrrnefnda vörðu. Breyti engu í þessu sambandi þótt áin hafi á einhverjum tímamarki, sennilega í kringum 1940 þegar Daði Guðmundsson skrái sín örnefni, sveigt í austur og myndað þann hólma sem Daði nefni Stórhólma og nýttur hafi verið frá Ásbrekku. Daði nefni einnig Brekkulækjarhólma sem hafi sennilega verið að mestu í landi Saurbæjar, en Stórhöfði skorðist af kvísl sem renni með brekkunum út. Hér virðist því kominn sá upprunalegi farvegur sem áin leiti síðan aftur í og hafi haldið sig við alla tíð síðan. Samkvæmt þessu sé ítrekuð krafa um 50% rétt til árinna þar sem hún falli milli Brekkulækjar og Móhelli.

### **7.10 Ásbrekka**

Í greinargerð eigenda er á því byggt að Ásbrekka eigi bakka beggja vegna árinna, við svæði sem heiti Stórhólmi. Hljóti mörk Ásbrekku og Þórormstungu að miðast við staðsetningu Vatnsdalsár á árinu 1890, þegar landamerkjabréf jarðarinnar Þórormstungu annars vegar og hins vegar jarðarinnar Áss, sem Ásbrekku hafi verið skipt út úr, hafi verið skráð. Á þeim tíma hafi meginfarvegur árinna legið fyrir austan Stórhólma. Megi ráða þetta meðal annars af örnefnaskrá fyrir Ásbrekku, sem skráð hafi verið á sínum tíma af Daða Guðmundssyni, þáverandi bónda í Gilá, en þar komi fram að hólminn sé í landi Ásbrekku. Samsvarandi örnefnaskrá er Daði hafi unnið vegna Þórormstungu tiltaki engan slíkan hólma á þessu svæði. Þá liggi fyrir að Stórhólmi sé í raun ekki lengur hólmi. Marki Stórhólmi árbakkann að austanverðu, og renni áin því í Ásbrekkulandi, en austan við Stórhólma renni vatnslítil kvísl sem gefi ekki lax og sé ekki fiskvegur. Þar séu hins vegar uppeldisskilyrði fyrir seiði. Skiptist kvísl þessi jafnt milli Ásbrekku og Þórormstungu. Stórhólmi sé um 600 m langur og 100 m breiður, eða á að giska 6 ha. Tilheyri um 5 ha

Ásbrekku og 1 ha Saurbæ. Rétt og skylt sé að benda á að Saurbær, sem eigi syðsta hluta Stórhólma, fái báða bakka árinna við Stórhólma metna til veiðitekna.

Við mat á arði út frá bakkalengd þurfi því að reikna báða bakka árinna vestan Stórhólma, innan lands Ásbrekku, eða alls 1.200 m til viðbótar annarri bakkalengd. Þar með eigi báðir bakkar Ásbrekkuhyls, Hólmahyls og annarra veiðistaða vestan Stórhólma alfarið að teljast til Ásbrekku. Ef reikna eigi gamla árfarið austan megin Stórhólma sem bakkalengd, í viðbót við ofangreinda bakkalengd, þá þurfi að reikna Ásbrekku annan bakka þess farvegjar. Þessi eldri farvegur sé einnig um 600 m að lengd en mæla þurfi lengd beggja bakka Stórhólma nákvæmlega.

Við síðustu matsgerð hafi eigendur Þórormstungu gert þá athugasemd að Forsetahylur ætti alfarið að tilheyra Þórormstungu. Slíkri kröfu sé alfarið vísað á bug þar sem landamerkjabréf gefi hvergi til kynna að Þórormstungu hafi átt báða bakka árinna, á landamörkum Ásbrekku og Þórormstungu, á þeim tíma sem landamerkjabréfin hafi verið skráð. Ásbrekka eigi því að lágmarki 50% tilkall til arðs í hylnum, enda hafi Ásbrekka fengið helming af arði hylsins þegar hann hafi verið mun sunnar, nær Þórormstungulandi, en hann sé nú. Ljóst sé að hylurinn sé lengra inni í Ásbrekkulandi en áður fyrr og því ætti, ef eitthvað sé, stærri hluti hans að teljast til Ásbrekku.

Loks sé gerð krafa um að Ásbrekka fái helming af arði vegna Búbótar neðri eins og verið hafi fyrir gildistöku gildandi arðskrár. Muni þessu hafa verið breytt með vísan til þess að allur lax sem dreginn væri á land í Búbót tæki agnið neðan landamerkjagirðingar milli Áss og Ásbrekku. Hins vegar hafi leiðsögumenn Vatnsdalsár upplýst landeigendur um að veiðimenn hafi oft eða jafnvel oftast staðið í landi Ásbrekku þegar þeir settu í laxinn.

Eftir að eigendunum höfðu verið kynntar kröfur og sjónarmið eigenda Þórormstungu varðandi veiðistaðina Forsetahyl og Búbót efri og eignarhald að Stórhólma, sendu þeir nefndinni viðbótargreinargerð, dags. 16. janúar 2011, þar sem þeir mótmæla kröfugerðinni og rökstyðja sjónarmið sín enn frekar.

### **7.11 Forsæludalur**

Í bréfi, dags. 30. mars 2009, kveðast eigendurnir vilja benda á að öll umferð að ánni, frá Torfhvammshyl að Dalsfossi, sé í landi Forsæludals. Meðal annars sé veiðivegur eftir gilbarminum sem eigendurnir hafi reynt að halda við en þrátt fyrir það sé oft ekið um túnin og þau troðin niður, jafnvel þótt komið sé að slætti. Þá telji eigendurnir að svæðið frá Stekkjarfossi að Dalsfossi hafi verið vannýtt hin síðari ár. Gefi veiðitölur þar því ekki rétta mynd af því hversu gjöfult svæðið sé í raun. Óskiljanlegt sé að úthlutuðum einingum vegna jarðarinnar hafi fækkað um þrjár í síðasta yfirmati enda þótt svæðið frá Stekkjarfossi að Dalsfossi komi inn sem laxveiðisvæði eftir að gerður hefði verið laxastigi í Stekkjarfossi.

## 8. Skipting arðs

### 8.1 Almennt

Í 1. mgr. 41. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006 er lögð á herðar veiðifélaga skylda til að gera skrá er sýni hluta þann af veiði eða arð af veiði sem koma skal í hlut hvernar fasteignar, lögaðila eða einstaklings er veiðirétt á í vatni á félagssvæði. Í 2. mgr. 41. gr. laganna segir: „Við niðurjöfnun veiði eða úthlutun arðs af henni skal m.a. taka tillit til: a. aðstöðu til netaveiði og stangveiði, b. landlengdar að veiðivatni, vatnsmagns og stærðar vatnsbotns og c. hrygningar- og uppeldisskilyrða fisks.“ Þá er í 4. gr. reglugerðar nr. 412/2007 um arðskrár veiðifélaga nánar kveðið á um þá þætti sem taka skal tillit til við niðurjöfnun veiði eða úthlutun arðs: a. landlengdar að veiðivatni, b. flatarmáls og gerðar vatnsbotns, c. veiðitalna í stangveiði, d. aðstöðu til stangveiði, m.a. m.t.t. breyttra veiðiaðferða, agns o.fl., e. réttinda til netaveiða, m.a. m.t.t. sögulegrar veiði, f. vatnsmagns og g. hrygningar- og uppeldisskilyrða. Loks er í 5. gr. reglugerðarinnar getið annarra þátta sem varða aðstæður og ýmsar fiskiræktar- og umhverfisframkvæmdir við ár sem líta skuli til við mat á arði.

Samkvæmt 12. gr. samþykktu fyrir Veiðifélag Vatnsdalsár í Húnavatnssýslu nr. 391/2008, frá 1. apríl 2008, skal arði af sameiginlegri veiði skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá og félagsmenn greiða gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

Í gildandi arðskrá Vatnsdalsár samkvæmt yfirmatsgerð frá árinu 1996 er arði skipt milli jarða og miðað við 1.000 einingar í heild. Í þessu mati er hins vegar hafður á sá háttur að miða við 10.000 einingar. Í köflum 8.2, 8.3 og 8.4 hér á eftir er greint frá niðurstöðu matsnefndar um það hvernig einingum er skipt milli einstakra þátta sem tilteknir eru í 41. gr. laga um lax- og silungsveiði og 4. og 5. gr. reglugerðar nr. 412/2007 um arðskrár veiðifélaga. Fjöldi þeirra eininga er koma í hlut hvers veiðiréttareiganda er tilgreindur með heilli tölu.

Eins og fram er komið teljast félagsmenn Veiðifélags Vatnsdalsár skráðir eigendur/ábúendur jarða og landareigna, sem land eiga að Vatnsdalsá, Álftaskálará, Tunguá með Hólkotskvísl, Kornsa og Giljá, frá ósi í sjó, sem er Húnaós, til ólaxgengra fossa. Þá liggur fyrir að í samþykktum fyrir Veiðifélag Laxár á Ásum eru félagsmenn sagðir vera skráðir eigendur/ábúendur þeirra jarða og landareigna sem land eiga að eða veiðirétt í Laxá, frá Húnaósi í sjó að Laxárvatni. Fram er og komið að auk Vatnsdalsár fellur Laxá á Ásum neðst í Húnavatn og eiga árnar sameiginlegan ós í sjó í Húnaósi. Var ós Laxár gagnvart hinu sameiginlega ósasvæði sérstaklega markaður með matsgerð á árinu 1991. Með vísan til framangreindra aðstæðna hefur eigandi Hjaltabakka krafist þess að hið sameiginlega ósasvæði verði metið til arðs við arðskrármöt beggja ána, Vatnsdalsár og Laxár á Ásum, og að ákvörðuð verði hlutfallsleg hlutdeild Hjaltabakka í arði hvorrar ár

fyrir sig. Þá hefur stjórn Veiðifélags Vatnsdalsár, í tölvupósti til matsnefndar hinn 3. september 2010, ítrekað sjónarmið, sem hún kveðst hafa sett fram við gerð gildandi yfirmats, um að matsnefnd „úrskurði um arðgreiðslur Laxár á Ásum og Vatnsdalsár til þeirra landeigenda, sem hagsmuna eiga að gæta á sameiginlegu ósasvæði ána þannig að ekkert af þessu vatnasvæði verði undanskilið í mati. Veiðifélögin munu í framhaldi ákveða hvernig veiðum verði háttað á svæðinu, en engin ástæða er að ætla að ágreiningur verði þar um fremur en verið hefur til þessa.“ Þá hefur eigandi Húnsstaða, sem einnig liggja að hinu sameiginlega ósasvæði, lýst þeirri skoðun sinni að hann ætti að eiga rétt til arðs úr Vatnsdalsá og þar með aðild að því veiðifélagi. Húnsstaðir hafa ekki notið aðildar að Veiðifélagi Vatnsdalsár en eiga hins vegar aðild að Veiðifélagi Laxár á Ásum.

Með hliðsjón af því að hið sameiginlega ósasvæði Vatnsdalsár og Laxár á Ásum tilheyrir veiðifélögum beggja ána og með tilliti til aðstæðna að öðru leyti er það niðurstaða matsnefndar að taka beri tillit til þessa við arðsúthlutun. Á það sérstaklega við um jarðirnar Hjaltabakka, Skinnastaði og Húnsstaði.

Eigandi Hjaltabakka krefst þess að metin verði sérstaklega hlutdeild allra veiðiréttarhafa við Húnavatn í svokölluðum almenningi vatnsins, eða á því svæði sem sé utan netlaga, yfir 115 m frá bakka. Vísar hann í því sambandi til 6. gr. laga nr. 61/2006 um að fasteignaeigendum sem land eigi að stöðuvatni sé einum heimil veiði í almenningi vatnsins og að hún sé þeim öllum jafnheimil. Verður ekki á þetta fallist þegar af þeirri ástæðu að ekkert liggur sérstaklega fyrir um að á þeim svæðum Húnavatns sem kynnu að teljast utan netlaga hafi verið staðfest veiði á laxi eða silungi.

Vegna framkominnar kröfu eiganda Hjaltabakka um að nefndin „sundurliði mat á arðskrá í tvo hluta“ þannig að „vatnasvæði Hólmakvíslar verði metið sem sér matsliður“ tekur matsnefnd fram að hún telji engar málefnalegar ástæður er tengjast mati þessu gefa tilefni til þess að matsniðurstöður verði sundurliðaðar sérstaklega með þessum hætti. Er kröfu þessari því hafnað.

Í greinargerðum sínum og minnisblöðum til matsnefndar hefur eigandi Hjaltabakka sett fram kröfur um að matsnefnd úrskurði „um lögmæti veiðifélaga á vatnasvæði þeirra vatnsfalla, sem falla til sjávar í Húnaós“, „hvort eigandi Hjaltabakka eigi að vera í veiðifélagi um Giljá“ og „hvort tvö veiðifélög geti haft sama umráðasvæðið“. Vegna þessa tekur matsnefnd fram að skv. 2. mgr. 38. gr. laga nr. 61/2006 skal Fiskistofa ákveða umdæmi veiðifélags að höfðu samráði við veiðiréttarhafa á væntanlegu félagssvæði. Þá eru í 39. gr. laganna ákvæði er lúta að stofnun veiðifélags og kemur þar meðal annars fram í 7. mgr. að sá er vefengja vill lögmæti stofnaðs veiðifélags geti borið ágreining þar að lútandi undir dómstóla innan sex mánaða frá stofnfundi. Í 1. og 2. mgr. 45. gr. sömu laga er kveðið sérstaklega á um hver séu helstu verkefni matsnefndarinnar auk þess sem í 3. mgr. 45. gr.

er tekið fram að nefndin fari að auki með önnur þau verkefni sem henni eru falin lögum samkvæmt. Þar eð ekki verður séð að ofangreind álitaefni geti fallið undir þau verkefni sem matsnefnd hafa verið falin lögum samkvæmt verður að vísa kröfugerð þessari frá nefndinni.

Eigendur jarðanna Forsæludals og Áss benda á að aðgengi veiðimanna að ánni fyrir jörðum þeirra sé að langmestu leyti frá bakkanum þeirra megin. Af þeirri umferð hljótist oft mikið ónæði og átroðningur umfram það sem eigandi bakkans á móti þurfi að sæta en hann njóti þó sama arðs. Ýmis rök mæla gegn því að tekið sé sérstakt tillit til slíkra aðstæðna við úthlutun arðs. Má nefna að viðurkenning á slíku myndi augljóslega ýta undir samkeppni og auknar kröfur um vegagerð á báðum bökkum árinna, með tilheyrandi kostnaðarauka. Matsnefnd hafnar því kröfu um að úthluta sérstökum einingum í arðskrá vegna þessa.

## **8.2 Aðstaða til netaveiði og stangveiði**

Matsnefnd lítur til þess að réttur til netaveiði er jafngildur rétti til stangveiða. Telur nefndin að veiðiréttareigendur sem lagt hafa af rétt til netaveiði til hagsbóta fyrir heildina eigi að fá slíka aðstöðu metna til eininga í arðskrá svo fremi að hlutdeild þeirra í arðskrá vegna stangveiði komi ekki þar í staðinn. Við mat á aðstöðu til netaveiða ber við það að miða að eigendur netaveiðiréttar séu, þrátt fyrir veiðibann, sem líkast settir og væru veiðar, sem þar hefðu verið stundaðar, ekki bannaðar. Slíkt bann er almennt sett með hagsmuni heildarinnar í huga, í því skyni að stuðla að aukinni laxgengd upp árnar og þá aukinni stangveiði á viðkomandi félagssvæði. Af framangreindu leiðir að eingöngu verður að þessu leyti tekið tillit til þeirra netaveiða sem ætla má að einstakir veiðiréttarhafar hafi stundað þegar þær voru bannaðar en ekki til þeirra möguleika sem þeir kunna nú að hafa á slíkum veiðum.

Eigendur Hjaltabakka og Þingeyra hafa krafist þess að fullt tillit verði tekið til þess að í gildi er bann veiðifélagsins við netaveiðum í Vatnsdalsá og þar á meðal á hinu sameiginlega ósasvæði Vatnsdalsár og Laxár á Ásum. Krefjast þeir þess að þeim verði metnar sérstakar arðseiningar vegna þeirrar aðstöðu til netaveiða sem til staðar sé fyrir löndum jarðanna. Þá hefur eigandi Hjaltabakka og krafist þess að tekið verði tillit til þess við arðskrámatið að bannað sé að veiða silung á friðunarsvæði í sjó og í Húnaósi. Fremur óljósum heimildum er til að dreifa um að netaveiði hafi verið stunduð í Húnavatni áður en slíkar veiðar voru alfarið bannaðar við stofnun Veiðifélags Vatnsdalsár á árinu 1936. Hafa engin afdráttarlaus gögn verið lögð fyrir matsnefnd um það hverjir stundað hafi slíkar veiðar, hvort þar hafi verið um að ræða lax eða silung og hvert umfang veiðanna hafi þá verið. Verður þó helst af gögnum ráðið að aðallega hafi þar verið um að ræða veiðar á silungi fyrir jörðunum Skinnastöðum og Akri. Þá liggja heldur ekki fyrir nein gögn er staðfesta að ádráttur eða netaveiði hafi verið stunduð í Húnaósi eða á lögakveðnu

friðunarsvæði árinna í sjó. Við mat á því hvort úthluta beri sérstökum arðseiningum til ofangreindra jarða fyrir aðstöðu til netaveiði í Húnavatni verður ekki litið fram hjá því að verðmæti netafisks er nú margfalt minna en verðmæti fisks sem veiddur er á stöng. Þá verður einnig að hafa í huga þann kostnað sem hver veiðiréttareigandi yrði sjálfur að bera af slíkum veiðum og að aukin verðmætasköpun samfara aukinni stangveiði bætir hag allra félagsmanna veiðifélagsins með hærri útgreiðslu arðs á hverja arðseiningu. Samkvæmt fyrirbyggjandi veiðitölum er ljóst að verulegur hluti af urriða- og bleikjuveiði á félagssvæðinu veiðist á stöng í Húnavatni og njóta viðkomandi jarðir arðgreiðslna í samræmi við það. Með tilliti til framangreinds, og þess arðs sem til jarðanna er nú greiddur vegna stangveiða í Húnavatni, er það niðurstaða matsnefndar að aflagning netaveiða í Húnavatni, að því marki sem hún hafi verið til staðar, sé að fullu bætt með árlegum útgreiddum arði til eigenda Hjaltabakka, Þingeyra, Skinnastaða, Akra og annarra jarða þar sem netaveiðar voru hugsanlega aflagðar. Þá þykja heldur ekki næg efni til að úthluta sérstökum arðseiningum til eigenda Hjaltabakka vegna framangreinds veiðibanns í Húnaósi né banns við netaveiðum á göngusilungi í sjó við Húnaós á grundvelli ákvæða laga nr. 61/2006. Verður því að hafna kröfum um úthlutun sérstakra arðseininga vegna þessa.

Eigandi Hjaltabakka krefst þess að tekið verði tillit til þess við úthlutun arðs að veiðifélög Vatnsdalsár og Laxár á Ásum hafi allt frá árinu 1937 bannað alla veiði fyrir landi Hjaltabakka á ósasvæði Húnavatns og Hólmakvíslar. Í tilefni af þessari kröfugerð eigandans sendi matsnefnd fyrirspurn til Veiðifélags Vatnsdalsár varðandi friðunaraðgerðir félagsins og kemur fram í svari formanns þess í tölvupósti hinn 7. nóvember 2010 að eftir að niðurstaða nógildandi yfirmats hafi litið dagsins ljós á árinu 1996 hafi verið ákveðið að heimila veiðimönnum á vesturbakka árinna að veiða allt undir ós árinna en fram að því hefðu veiðar verið óheimilar neðan við Akurhólma samkvæmt samkomulagi veiðifélaga beggja ána. Þá fiska sem þar veiðist eigi að skrá á veiðistaðina Ós, Hjaltabakkahólma og Strönd. Þá barst matsnefnd og svar við sams konar fyrirspurn til Veiðifélags Laxár á Ásum með tölvupósti 2. maí 2011 og kemur þar fram eftirfarandi: „Í arðskrármati því sem tók gildi 1995 og gildir enn var ákveðið að veiðif. Laxár greiddi arð af sameiginlegu ósasvæði ána niður að línu, sem dregin er úr punkti 270 metrum vestan Torfalækjaróss, yfir í Granda. Á þessu svæði hefur veiðimönnum í Laxá á Ásum verið heimilt að stunda veiði. Veiðibann ekki verið til umræðu. Engar viðræður farið fram við Vatnsdalsá.“ Af veiðikortum Veiðifélags Vatnsdalsár, sem birt eru á heimasíðu félagsins, vatnsdalsa.is, má sjá að neðri veiðimörk silungasvæðis á ósasvæðinu eru sýnd með línu sem dregin er þvert á straum frá vesturbakkanum yfir í neðsta hluta Hjaltabakkahólma og upp eftir í hólmann ofanverðan og þaðan þvert á straum yfir á austurbakkann í landi Skinnastaða. Af framangreindu verður ráðið að ekki gætir fulls samræmis í þeim upplýsingum sem fyrir liggja um það hvar veiða megi neðst á umræddu svæði. Með hliðsjón af því telur matsnefnd að líta verði svo á að í raun hafi ríkt veiðibann á svæðinu neðan framangreindrar

línu sem mörkuð er inn á veiðikortið og að taka verði tillit til þess við úthlutun arðseininga til jarða sem þar eiga veiðirétt. Verður sérstökum einingum vegna þessa úthlutað þannig að 90 einingum verður úthlutað til eiganda Hjaltabakka, 20 einingum til eigenda Skinnastaða og 10 einingum til Húnsstaða.

Við mat á aðstöðu til stangveiði er byggt á skilagreinum frá veiðifélaginu um skiptingu lax- og silungsveiði eftir einstökum veiðistöðum vegna ára 1996 til 2010, að báðum árum meðtöldum. Á framangreindu tímabili voru 13.818 laxar skráðir veiddir á sérstakan veiðistað. Auk þess voru 97 laxar skráðir veiddir án tilgreiningar á veiðistað. Urriðar skráðir á veiðistað reyndust vera 14.914, en urriðar án tilgreiningar á veiðistað 979. Bleikjur skráðar á veiðistað reyndust samtals 22.305, en bleikjur án tilgreiningar á veiðistað reyndust samtals 1.781. Hver jörð nýtur þeirrar veiði sem skráð er fyrir landi hennar. Í Húnavatni gildir hins vegar sú regla samkvæmt venju að einungis sú jörð sem veitt er frá nýtur skráðrar veiði en ekki jörð á gagnstæðum bakka. Í Flóðinu er öll veiði skráð á veiðistaðinn Flóðið nr. 280 án tilgreiningar á því fyrir hvaða landi sá fiskur hafi veiðst. Hefur matsnefnd skipt veiði í Flóðinu milli þeirra jarða sem þar eru í samræmi við landlengd. Á sama hátt hefur allri veiði í Giljá verið skipt á veiðiréttareigendur eftir landlengd.

Nokkrar athugasemdir hafa verið gerðar við veiðistaðaskrána og skiptingu veiði á einstaka veiðistaði. Enda þótt matsnefnd telji það ekki á sínu verksviði að leysa úr ágreiningi milli aðila um eignarrétt og hvar merki milli jarða liggja verður ekki hjá því komist að taka afstöðu til þess hvaða jörðum beri að telja skráðan afla á veiðistað á grundvelli fyrirbyggjandi gagna og eftir atvikum athugun á vettvangi. Verður hér á eftir gerð grein fyrir þessum athugasemdum og niðurstöðum matsnefndar hvað það varðar.

Matsnefnd telur að þau rök sem eigandi Ásbrekku hefur sett fram til stuðnings því að Ásbrekku beri helmingshlutdeild í veiðistaðnum Búbót, vestan megin, á móti Ási, sbr. kafla 7.10 hér á undan, nægi ekki til að hreyfa við þeirri niðurstöðu gildandi yfirmats að veiðistaðurinn teljist til jarðarinnar Áss en ekki Ásbrekku. Á sama hátt telur matsnefnd að ekki hafi verið sýnt fram á að þær breytingar hafi orðið á farvegi Vatnsdalsár við Búbót að leitt geti til breytingar á jöfnun skiptum veiðistaðarins austan megin, á milli Marðarnúps og Þórormstungu.

Þá er það niðurstaða matsnefndar að eigandi Ásbrekku hafi ekki sýnt fram á þá staðhæfingu sína með óvefengjanlegum gögnum að hann sé einn eigandi að svokölluðum Stórhólma. Af því leiðir að ekki verða taldar forsendur til að breyta arðskiptingu á þessu svæði, milli jarðanna Ásbrekku og Þórormstungu, frá því sem nú er.



Eigandi Þórormstungu heldur því fram að hann eigi bakka beggja vegna árinna, austur frá Hólmahyl, en áin hafi brotið sér þar nýja leið einhvern tímann á níunda áratug síðustu aldar, gegnum land Þórormstungu eftir mjóum lækjarfarvegi, allt þar til kemur að Búbót. Krefst hann þess jafnframt að „landamerki verði ákveðin“ með hliðsjón af tilgreindri línu. Af þessari kröfugerð leiði að áin frá Hólmahyl og yfir á Búbót eigi að teljast að öllu leyti í eigu Þórormstungu, og þá allir þeir veiðistaðir sem á því svæði liggi, s.s. Forsetahylur efri og Tunguhylur. Við athugun á loftmyndum sem teknar hafa verið af umræddu svæði á síðustu árum telur matsnefnd ljóst að farvegur árinna hafi tekið þar verulegum breytingum, fram og til baka, allt frá gerð síðasta mats, og að alls óvíst sé að þar sjái fyrir endann á. Með hliðsjón af því, þeim gögnum er liggja fyrir um eignarheimildir á hinu umdeilda svæði, og gegn eindregnum mótmælum eiganda Ásbrekku, er það niðurstaða nefndarinnar að ekki séu næg efni til að gera breytingar þar á arðskiptingu vegna bakka eða hlutdeild í veiðistöðum að neinu leyti.

Varðandi kröfugerð eiganda Þórormstungu er lýtur að breyttu eignarhaldi að veiðistaðnum Efri-Ármótum er niðurstaða matsnefndar sú, með tilliti til fyrirbyggjandi gagna, að farvegur Álku hafi frá því síðasta arðskrá tók gildi færst neðar í land Haukagils og því séu ekki efni til að gera breytingar á því að Haukagil eigi bakka beggja vegna við veiðistaðinn Efri-Ármót.

Niðurstaða matsnefndar er sú að hæfilegt sé að skipta 4.050 einingum milli veiðiréttareigenda við Vatnsdalsá í samræmi við hlutdeild þeirra í laxveiði. Þá er það niðurstaða nefndarinnar að hæfilegt sé að skipta 360 einingum milli veiðiréttareigenda í samræmi við hlutdeild þeirra í veiði á urriða og 540 einingum í samræmi við hlutdeild þeirra í bleikjuveiði.

### **8.3 Landlengd, vatnsmagn og stærð vatnsbotns**

Samkvæmt b-lið 2. mgr. 41. gr. laga um lax- og silungsveiði skal við úthlutun arðs taka tillit til landlengdar að veiðivatni, vatnsmagns og stærðar vatnsbotns. Mæling var gerð á bakkalengd vatnasvæðisins í desember 1994. Kemur fram í inngangi að niðurstöðum að mælingarnar hafi verið unnar eftir stækkuðum loftmyndum frá Landmælingum Íslands. Hafi allar upplýsingar og merkingar á landamerkjum inn á loftmyndirnar verið unnar af Jóni Sigurðssyni, ráðunaut hjá Búnaðarsambandi A-Húnvetninga, í samráði við landeigendur. Mælitölur fyrir bakkalengd séu mæling á miðlínu ár, nema annað sé tekið fram.

Í bréfi formanns Veiðifélags Vatnsdalsár til matsnefndar, dags. 5. september 2008, er tekið fram að fyrirbyggjandi loftmyndir af vatnasvæðinu nái ekki yfir svæði frá Stekkjarfossi fram að Dalsfossi. Fyrir liggur nú mæling af framangreindu svæði, unnin af Kristjáni

Eymundssyni, og er þessi kafli árinna mældur 1.186 m. Þá var og mæld bakkalengd Kornsar og reyndist hún vera 1.516 m.

Eins og vikið var að í kafla 2 voru ekki gerðar neinar athugasemdir við fyrirbyggjandi bakkalengdarmælingar á fundi matsnefndar með veiðiréttarhöfum árinna hinn 17. janúar 2009. Hins vegar kom slík athugasemd fram í greinargerðum eiganda Hjaltabakka, sbr. kafla 7.1. hér á undan. Var þar sett fram sú krafa að fram færi ný mæling á landlengd Hjaltabakka á sameiginlegu ósasvæði Laxár á Ásum og Vatnsdalsár. Vegna þessa leitaði matsnefnd eftir því við Kristján Eymundsson að hann mældi landlengd á því svæði, annars vegar vestan megin, frá ósi í sjó að þeirri markalínu milli jarðanna Þingeyra og Hjaltabakka sem lögð var til grundvallar í gildandi yfirmatsgerð, við efri enda Hjaltabakkahólma, og hins vegar að austanverðu, frá ósi í sjó allt að efri mörkum hins sameiginlega ósasvæðis gagnvart Laxá á Ásum og þaðan áfram að mörkum Skinnastaða og Akurs. Með tilliti til þess ágreinings sem uppi er milli eigenda jarðanna Þingeyra og Hjaltabakka um mörk jarðanna, sbr. kafla 7.1. og 7.2. að framan, var og mælt í samræmi við kröfur eigenda Þingeyra um mörkin á þessu svæði. Fór mælingin fram um stórstraumsflæði, dagana 9. og 10. september 2010, með hliðsjón af þeirri skilgreiningu sem fram kemur í 6. tl. 3. gr. laga nr. 61/2006 á því hvað telst vera bakki. Viðstaddir mælinguna voru matsnefndarmenn auk umboðsmanna eigenda jarðanna Þingeyra og Hjaltabakka. Mældist lengd bakka þannig á sameiginlegu ósasvæði 7.255 m, miðað við landamerki samkvæmt kröfugerð Hjaltabakka, en 6.994 m miðað við kröfugerð Þingeyra. Bakkalengd Hjaltabakkahólma var mæld nokkrum dögum síðar og mældist hún 1.752 m, en miðað við kröfugerð Þingeyra féllu 443 m þar af í hlut þeirrar jarðar. Hólmi sem merktur er A mældist 370 m. Er það niðurstaða matsnefndar að við ákvörðun á landlengd jarðarinnar Hjaltabakka beri að leggja til grundvallar framangreindar mælingar.

Fyrir liggur að útfall Vatnsdalsár og Laxár á Ásum til sjávar hefur síðustu áratugina verið breytingum háð og hefur það færst allnokkuð í austur frá því á árinu 1995. Telur matsnefnd engin rök hníga til annars en að telja Hjaltabakka landlengd við ákvörðun arðskrár miðað við staðsetningu útfallsins þegar framangreind mæling fór fram.

Eins og áður hefur verið rakið í kafla 7.2 hefur eigandi Þingeyra gert athugasemd við þá niðurstöðu gildandi yfirmats að miða beri landlengd við að merkjalínan milli jarðanna Þingeyra og Hjaltabakka liggja vestan við Hjaltabakkahólma. Ljóst sé af landamerkjabréfi Hjaltabakka að hún liggja austar en gengið hafi verið út frá í matsgerðinni og sé bakkalengd Þingeyra því vanreiknuð sem því nemi. Eigandi Hjaltabakka hefur hins vegar mótmælt þessari kröfu eins og rakið er í kafla 7.1. Matsnefnd telur að þau gögn sem liggja fyrir í málinu séu ekki þess eðlis að rétt sé að hreyfa við niðurstöðu gildandi arðskrár að þessu leyti. Þannig verður ekki ráðið af þeirri loftmynd sem eigandi Þingeyra lagði fyrir nefndina út frá hvaða forsendum lína, sem mörkuð er inn myndina og liggur yfir vestanverðan

Hjaltabakkahólma, er dregin, enda engir hnitapunktur þar tilgreindir. Samkvæmt því verður landlengd jarðanna tveggja miðuð við sömu mörk sem fyrr, rétt vestan Hjaltabakkahólma.

Við mat á vægi landlengdar er í senn litið til allra aðstæðna á svæðinu og gætt ákveðins samræmis við fyrri matsgerðir nefndarinnar og matsgerðir yfirmatsnefndar samkvæmt lögum nr. 76/1970. Verður samkvæmt því lagt sjálfstætt mat á gildi mældra lengdareininga bakka eftir því hvar á vatnasvæðinu þeir eru, sem leiðir til mismunandi niðurstöðu um vægi þeirra við úthlutun eininga. Að baki því liggur sú hugsun að úthlutun eininga fyrir landlengd sé endurgjald fyrir það vatnasvæði sem markar lífsrými lax og silungs. Hefur mikið vatnsmagn á neðri hluta vatnasvæðis óhjákvæmilega mikið gildi að þessu leyti, jafnframt því sem gildi lækja og efstu draga veiðiár er að sama skapi almennt lítið í þessu tilliti og stundum ekkert. Þegar aðstæður allar eru vegnar saman með þau sjónarmið í huga sem að framan eru rakin er það niðurstaða matsnefndar að vægi bakka Vatnsdalsár, frá Dalsfossi að Húnaósi, verði 1,0, með eftirgreindum undantekningum. Þar sem svo hagar til að áin rennur í kvíslum og hólmar myndast er vægi bakka lækkað þannig að bakkar þar fái í heild sama vægi og áin rynni í einum farvegi.

Með tilliti til þess hvernig hagar til á því svæði þar sem Vatnsdalsá og Laxá á Ásum renna saman, eins og áður var lýst í kafla 8.1 hér á undan, og með hliðsjón af þeim sérstöku aðstæðum sem þar eru, telur matsnefnd rétt, auk framangreindra sjónarmiða meðal annars um vatnsmagn, að taka nokkurt tillit til þess, við úthlutun eininga fyrir landlengd á því svæði, hvernig gönguleið lax sem gengur í Vatnsdalsá er talið vera háttað. Með hliðsjón af þessu er það niðurstaða matsnefndar að vægi bakka á þessu svæði verði með eftirgreindum hætti:

Vesturbakki, frá Húnaósi að mörkum jarðarinnar Þingeyra, eins og þau eru lögð til grundvallar í mati þessu, mælist 1.834 m. Fá fyrstu 1.073 m bakkans frá ósnum vægið 1,0 en að öðru leyti fær hann vægið 0,75.

Bakkar Hjaltabakkahólma mælast 1.752 m. Fá 700 m af bakkalengdinni, austan megin, vægið 0,25 en bakkar hans að öðru leyti vægið 0,75.

Bakki fyrir landi Skinnastaða mælist alls 1.304 m. Frá mörkum Akurs og Skinnastaða fær 400 m bakki vægið 0,75, en næstu 904 m að mörkum Húnsstaða fá vægið 0,25. Þá fær 230 m bakki í landi Húnsstaða einnig vægið 0,25.

Frá mörkum hins sameiginlega ósasvæðis gagnvart Laxá á Ásum að suðurodda Granda mælast bakkar samtals 2.881 m og fá þeir vægið 0,25.

Bakkar frá suðurodda Granda að Húnaósi eru mældir samtals 1.006 m og fá þeir vægið 0,5.

Ekki er úthlutað sérstökum einingum vegna bakka hólma sem merktur er A.

### **8.3.1 Hliðarár**

Samkvæmt a-lið 5. gr. reglugerðar nr. 412/2007 skal meta þær þverár sem renna í veiðivatn með tilliti til þess hvort þær leggi verðmæti til veiðivatns m.a. í formi uppeldissvæða eða veiði. Samkvæmt 59. tl. 3. gr. laga um lax- og silungsveiði er veiðivatn skilgreint þannig: „Á eða stöðuvatn sem veiði er í, eða mætti í vera ef fiskur væri ræktaður þar“. Samkvæmt framangreindri skýrslu Veiðimálastofnunar um búsvæðamat frá 2008 eru flestar þverár Vatnsdalsár fiskgengar að einhverju leyti og hafa þær verið búsvæðametnar. Þá er veiði skráð í nokkrum þveránnar. Með hliðsjón af framangreindu verður hliðarám úthlutað einingum vegna landlengdar eins og nánar greinir hér á eftir.

#### *8.3.1.1 Giljá*

Nokkur laxveiði er í Giljá og Giljárósi. Samkvæmt fyrirbyggjandi bakkalengdarmælingu eru mældir bakkar árinna 2.473 m og verður þeim gefið vægið 0,2.

#### *8.3.1.2 Kornsó*

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum er neðsti hluti Kornsóar laxgengur og telst hann vera 1.516 m. Þótt engin veiði hafi verið skráð í Kornsó verður með hliðsjón af framangreindu að líta svo á að fyrrgreindur neðsti hluti árinna teljist veiðivatn í skilningi lax- og silungsveiðilaga. Verður vægi bakka á þessum kafla árinna ákvarðað 0,1.

#### *8.3.1.3 Gilá*

Samkvæmt fyrirbyggjandi búsvæðamati er Gilá vatnslítill en að hluta laxgeng. Mæld búsvæði teljast 711 m. Verður stuðst við þá landlengd og vægi bakka árinna á þeim kafla ákvarðað 0,05.

#### *8.3.1.4 Tunguá*

Vaglakovísl og Hólkotskvísl sameinast í Tunguá sem rennur í Vatnsdalsá. Laxgengt er í Tunguá og í kvíslarnar að hluta. Mældir bakkar Tunguár teljast 4.004 m og verður vægi þeirra ákvarðað 0,1.

#### *8.3.1.5 Álka*

Álka er stærsta hliðará Vatnsdalsár og á hún upptök sín í Álkulónum norðan við Stórasand. Fyrir neðan Einvígi fellur hún í þröngu og djúpu gili og er hún þar víða straumbung og grýtt. Neðarlega í gljúfrinu er ólaxgengur foss. Fyrir liggur mæling á þessum neðsta kafla árinna, allt að Úlfshrygg, og telst hann vera 2.293 m. Verður vægi bakkalengdar á þessum kafla ákvarðað 0,2.

Niðurstaða matsnefndar er að hæfilegt sé að skipta samtals 3.150 einingum milli veiðiréttareigenda í samræmi við landlengd Vatnsdalsár og ofangreindra hliðaráa.

#### **8.4 Hrygningar- og uppeldisskilyrði**

Uppeldis- og hrygningarskilyrði í veiðiám hafa mikla þýðingu fyrir viðgang þeirra fiskistofna er þar lifa og þar með fyrir verðmæti þeirra. Við arðskrármöt síðari ára hefur yfirleitt, að meira eða minna leyti, verið stuðst við búsvæðamat sérfræðinga Veiðimálastofnunar varðandi þennan þátt matsins. Við mat þessa þáttar nú leggur matsnefnd til grundvallar annars vegar skýrslu Sigurðar Guðjónssonar og Inga Rúnars Jónssonar frá árinu 2008, um búsvæðamat fyrir lax í Vatnsdalsá, VMST/08031, og hins vegar skýrslu sömu manna, um búsvæðamat fyrir bleikju og urriða í Vatnsdalsá, frá árinu 2010, merkt VSMT/10030. Kemur þar fram að búsvæði fiskgengra hluta Vatnsdalsár, Álku, Kornsár, Tunguár (Hólkotskvíslar og Vaglakvíslar), Gilár auk Giljár hafi verið metin m.t.t. uppeldisskilyrða fyrir laxfiskaseiði og reiknaðar svokallaðar framleiðslueiningar einstakra árhluta. Búsvæði fyrir uppeldi laxaseiða eru talin góð víða á efri svæðum Vatnsdalsár og í hliðarám hennar. Hins vegar séu langir kaflar neðar í Vatnsdalsá með lítinn halla og fínt botnefni. Séu búsvæði fyrir laxaseiði þar því rýr en henti fremur fyrir bleikju og að nokkru leyti urriða.

Fram kemur í skýrslunum að farvegur viðkomandi vatnsfalls hafi verið skoðaður og honum skipt í einsleita kafla með tilliti til botngerðar. Voru á hverjum kafla tekin þversnið yfir ána en fjöldi sniða réðst af lengd viðkomandi kafla. Mælt var dýpi og breidd árinna auk þess sem straumhraði var metinn. Botnefnum var skipt í fimm flokka eftir kornastærð (þvermáli) og meðalskipting kornastærðar á kaflanum fundin út með tilteknum hætti. Þá var hverjum flokki gefið svokallað botngildi eftir því hversu heppileg botngerðin telst til uppeldis seiða. Tekið er fram að botngildi fyrir lax byggi á mælingum á því hvar laxaseiði haldi sig. Hrygning eigi sér þannig stað í möl, smá seiði séu í möl og smágrýti en stærri seiði séu á grófari botni, í smágrýti eða stórgrýti. Hins vegar sé lítið af laxaseiðum á fínna undirlagi, leir, sandi og klöpp. Önnur botngildi séu fyrir aðrar tegundir þar sem búsvæðaval þeirra sé annað. Bleikja sé til að mynda í minni straum á fínna undirlagi.

Með því að margfalda saman meðalskiptingu kornastærðarinnar og botngildi viðkomandi kornastærðar fundu sérfræðingarnir síðan út framleiðslugildi hvers svæðis og loks fjölda svokallaðra framleiðslueininga. Í búsvæðamatsskýrslunum kemur og fram að ekki hafi verið tekið tillit til frjósemi mismunandi hluta vatnakerfisins, hæðar yfir sjó eða hitafars, enda hafi þessir þættir lítil áhrif í Vatnsdalsá. Allar séu árnar frjósamar og áþekkar að gerð. Þá sé enginn hluti vatnakerfisins hátt yfir sjó þannig að veruleg áhrif hafi á framleiðslu.

Fyrir liggur samantekt frá Veiðimálastofnun á því hvernig framleiðslueiningar skiptast á einstakar jarðir á vatnasvæði Vatnsdalsár niður að Húnavatni. Reyndust framleiðslueiningar fyrir lax í Vatnsdalsá samtals 25.791 og um 661 í Giljá, fyrir bleikju 65.598 en 942 í Giljá og fyrir urriða 46.316 í Vatnsdalsá en 803 í Giljá.

Í bréfi Veiðimálastofnunar til matsnefndar, dags. 28. september 2010, varðandi gildi Húnavatns fyrir laxfiska í Vatnsdalsá, og reyndar einnig fyrir Giljá og Laxá á Ásum sem einnig falla til vatnsins, kemur fram að rannsóknir hvað það varði séu takmarkaðar. Segir svo: „Þar sem seltu gætir í vatninu hefur það ekki gildi sem uppeldissvæði fyrir laxfiska fyrr en þeir ná einhverjum sjóþroska. Gönguseiði laxa ganga úr ánum og í gegnum Húnavatn. Laxaseiði hafa yfirleitt náð fullum sjóþroska þegar þau halda af stað til sjávar og ganga þá rակleitt til sjávar. Rannsóknir hafa sýnt að þau stoppa í ósum um stund (um 2 sólarhringa í Elliðaám) en halda síðan rակleitt til hafs. Laxaseiði úr Vatnsdalsá, Giljá og Laxá á Ásum þurfa að ganga í gegnum Húnavatn. Vera kann að það sé hagfellt fyrir laxaseiði að staldra þar við áður en haldið er til hafs. En einnig getur verið að silungur í Húnavatni veiði sér laxaseiði til matar og er þá Húnavatn óhagfellt laxinum svo fremi sem að þetta afrán sé meira en við má búast af sjávarfiskum og sjávardýrum öðrum utan við ósa. Um þetta er ekkert vitað. Ekki er ólíklegt að Húnavatn nýtist niðurgöngulaxi til að jafna sig áður en hann heldur til sjávar og er sá fiskur það stór að afræningjar hans eru fáir. Hvað silung varðar er líklegt að Húnavatn sé honum hagfellt. Þekkt sé t.d. úr Nýpslóni í Vopnafirði að sjógönguseiði fara smá (ung) út í lón og áður en fullum sjóþroska er náð. Þar ná þau í mikla fæðu sem oft er að finna í slíkum lónum. Seiðin geta flúið í minni seltu á milli fæðuferða. Þetta veldur því að í Vesturdalsá sem fellur í Nýpslón fara bleikjuseiði ung út úr ánum út í lónið. Þetta þýðir að áin framleiðir fleiri seiði en ella og sjóbleikjugengd í ána verður mun meiri en ef ekki nyti lónsins. Sama gæti átt við um Húnavatn. Líklegt er að urriði sem gengur til sjávar geti nýtt sér Húnavatn á svipaðan máta. Í Húnavatni hafa einmitt fundist bæði bleikju- og urriðaseiði. Þá er þekkt að sjóbleikja veiðist í Húnavatni og getur sú bleikja komið víða að. Sjóbleikjur merktar í Blöndu veiddust til dæmis í talsverðum fjölda í Húnavatni sem bendir til að Húnavatn er mikilvæg vetrarstöð fyrir sjóbleikju víða að úr ám í Húnaflóa. Því verður að álykta að Húnavatn sé mikilvægt silungi í ánum sem í það rennur en erfitt er að meta án frekari rannsókna hversu mikilvægt það er. Það er því ekki fráleitt að Húnavatn hafi a.m.k. hálfvægi á hverja flatareiningu og neðanverð Vatnsdalsá sem uppeldissvæði fyrir silung.“

Vegna gagnrýni talsmanns Hjaltabakka á að hið sameiginlega ósasvæði hafi verið lágt metið sem uppeldissvæði er í bréfinu ítrekað að búsvæðamat gefi slíkt til kynna og styðji seiðamælingar einnig þá niðurstöðu. Þá sé við það að bæta að rafveitt hafi verið á síðasta ári á ósasvæðinu í leit að flundru og hafi niðurstöður þeirra mælinga stutt fyrra álit um gildi svæðisins sem uppeldissvæðis. Hins vegar sé rétt eins og rakið hefur verið að ósasvæði eins og hér um ræðir geti verið mjög mikilvæg seiðum sem gangi þar um á leið sinni til

sjávar. Frekari rannsóknir skorti þó, og þar með þekkingu, til að fullyrða um vægi Húnavatns að þessu leyti umfram það sem fram komi í áður tilvitnuðu bréfi.

Eins og áður segir hefur matsnefnd í fyrri matsgerðum stuðst við búsvæðamöt Veiðimálastofnunar við úthlutun eininga vegna þessa matsþáttar. Verður ekki annað séð en að fyrirbyggjandi búsvæðamat sé unnið á hlutlægum og vísindalegum grundvelli og sé í öllu tilliti sambærilegt við þau mót er matsnefnd hefur horft til vegna fyrri matsgerða. Þykja því ekki efni til annars en að byggja á umræddu búsvæðamati við mat á þessum þætti auk þess að hafa til hliðsjónar framangreinda umsögn stofnunarinnar um gildi Húnavatns í þessu tilliti.

Niðurstaða matsmanna er að hæfilegt sé að skipta 1.270 einingum milli veiðiréttareigenda við Vatnsdalsá, Álku, Kornsa, Tunguá (Hólkotskvísl og Vaglakvísl), Gilá auk Giljár vegna hrygningar- og uppeldisskilyrða lax, 170 einingum vegna bleikju og 110 vegna urriða.

Með hliðsjón af því sem að framan hefur verið rakið um gildi Húnavatns vegna þessa matsþáttar telur matsnefnd rétt að úthluta 150 einingum vegna uppeldisskilyrða til þeirra veiðiréttareigenda er land eiga að Húnavatni, og skiptast þær á milli þeirra í samræmi við landlengd.

## **9. Aðrir þættir**

### **9.1. Friðun einstakra svæða**

Samkvæmt upplýsingum frá formanni veiðifélagsins er óheimilt að veiða í Flóðinu, norðan til, þ.e. í landi Vatnsdalshóla og Bjarnastaða, frá 7. júní til septemberloka ár hvert. Þá sé Tunguá að meginstofni friðuð þar sem hún sé talin mjög mikilvæg fyrir uppeldi. Einungis í mjög takmörkuðum mæli hafi veiðar þar verið leyfðar og þá einungis í nokkra daga árlega, aðallega til þeirra er þar eigi land. Hafi þessi veiði ekki verið skráð í veiðibækur þar sem hún hafi verið hugsuð sem tilraunaveiði, en hún gæti verið að meðaltali 2 - 4 laxar á ári. Vegna ofangreindra friðunaraðgerða veiðifélagsins verður tekið tillit til þess með úthlutun samtals 40 eininga til Vatnsdalshóla og Bjarnastaða við Flóðið, sem skipt er í samræmi við landlengd, og 40 eininga til jarða er liggja að Tunguá, er sömuleiðis skiptast í hlutfalli við landlengd.

### **9.2 Laxastigar og/eða fiskivegir**

Laxastigi er í Stekkjarfossi en ekki þykja efni til að taka sérstakt tillit til veiðibanns við hann.

## **10. Aðrar kröfur**

Kröfum einstakra veiðiréttareigenda um hlutdeild í arðskrá þessari fyrir Veiðifélag Vatnsdalsár, umfram það sem leiðir af framangreindum matsaðferðum og niðurstöðum, er hafnað.

## **11. Kostnaður, gildistaka o.fl.**

Allur kostnaður af mati þessu, 8.531.882 krónur án virðisaukaskatts, greiðist af Veiðifélagi Vatnsdalsár og rennur hann í ríkissjóð.

Vinna vegna matsgerðar þessarar hefur tafist nokkuð, m.a. vegna gagnaöflunar, rannsóknarvinnu og fjölda annarra matsmála sem til meðferðar hafa verið hjá matsnefnd.

Um gildistöku þessarar matsgerðar fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði.



## Úrskurðarorð:

Arðskrá fyrir Veiðifélag Vatnsdalsár skal vera sem hér greinir:

	Einingar
Hjaltaþakki	334
Húnsstaðir	13
Skinnastaðir	43
Akur	488
Þingeyrar	645
Stóra-Giljá	109
Beinakelda	58
Litla-Giljá	51
Leysingjastaðir	37
Steinnes	351
Hnausar	757
Sveinsstaðir	859
Bjarnastaðir	273
Vatnsdalshólar	276
Miðhús	33
Breiðabólstaður	83
Másstaðir	96
Hjallaland	75
Hnjúkur	122
Helgavatn	117
Hvammur	217
Flaga	97
Gilstaðir	98
Eyjólfsstaðir	93
Kornsá	127
Bakki	43
Nautabú	114
Undirfell	124
Hof	178
Snæringsstaðir	2
Brúsastaðir	78
Kötlustaðir	175
Ás	321
Gilá	156

Póormstunga	288
Kárdalstunga	4
Guðrúnarstaðir	15
Marðarnúpur	81
Ásbrekka	135
Saubær	365
Haukagil	774
Grímstunga	947
Sunnuhlíð	371
Forsæludalur	377
<b>Samtals</b>	<b>10.000</b>



**Örtlygur Hnefill Jónsson**



**Asgeir Magnússon**



**Þorgils Torfi Jónsson**

## Gögn til afnota við matsgerð

### A. Gögn um veiði

1. Skilagrein, skipting veiði eftir veiðistöðum 1998-2009.
2. Skilagrein, skipting laxveiði eftir veiðistöðum 1996-2010.
3. Skilagrein, skipting bleikjuveiði eftir veiðistöðum 1996-2010.
4. Skilagrein, skipting urriðaveiði eftir veiðistöðum 1996-2010.

### B. Gögn um land og búsvæði

1. Rannsóknir á seiðastofnum í Vatnsdalsá árið 2007, VMST/070339.
2. Búsvæðamat fyrir lax í Vatnsdalsá, Húnavatnssýslu, nóvember 2008, VMST/08031.
3. Rannsóknir á seiðastofnum í Vatnsdalsá árið 2009, VMST/10022.
4. Búsvæðamat fyrir bleikju og urriða í Vatnsdalsá, Húnavatnssýslu, 2010, VMST/10030.
5. Vatnsdalsá ásamt hliðarám, skipting framleiðslueininga á jarðir.
6. Gildi Húnavatns fyrir uppeldi á laxfiskum, Veiðimálastofnun, dags. 28. september 2010.
7. Greinargerð Veiðimálastofnunar, dags. 19. maí 2011, vegna aðfinnslna eiganda Hjaltabakka við búsvæðamat.
8. Mæling á bakkalengd Vatnsdalsár, unnið af Jóni Sigurðssyni í desember 1994.
9. Tölvupóstur Kristjáns Eymundssonar, dags. 11. ágúst 2010, ásamt mælingum á bakkalengd.
10. Mæling bakkalengdar á ósasvæði september 2010 og Laxá á Ásum ágúst 2010.
11. Tölvupóstur Kristjáns Eymundssonar, dags. 14. október 2010.
12. Bréf Kristjáns Eymundssonar ásamt yfirliti um bakkalengdarmælingar, dags. 18. október 2010.
13. Greinargerð Kristjáns Eymundssonar vegna mælinga á bakkalengd Laxár á Ásum og ósasvæði, dags. 8. desember 2010, ásamt mynd af ósasvæðinu með landlengdartölum.
14. Útrentun af heimasíðu veiðifélagsins er sýnir veiðisvæði.
15. Kort af Vatnsdalsá, leiðarvísir fyrir veiðimenn.
16. Skrá um eigendur og ábúendur jarða við Vatnsdalsá.
17. Skrá yfir veiðistaði Vatnsdalsár og hvaða jörðum þeir tilheyra.
18. Loftmyndir sem sýna landamerki og bakkalengd jarða við Vatnsdalsá.
19. Loftmyndir með upplýsingum Péturs Péturssonar.
20. Vatnamælingar úr Vatnsdalsá.
21. Vatnamælingar úr Fremri-Laxá.

### C. Arðskrár

Yfirmatsgerð á arðskrá fyrir Veiðifélag Vatnsdalsár frá 1996.

### D. Bréf/greinargerðir frá eigendum/talsmönnum veiðiréttar

1. Bréf frá Magnúsi Sigurðssyni, Hnjúki, dags. 17. janúar 2009.
2. Bréf Skarphéðins Péturssonar hrl., f.h. veiðiréttarhafa jarðarinnar Hjaltabakka, dags. 23. mars 2009.
3. Bréf frá Magnúsi Sigurðssyni, Hnjúki, dags. 25. mars 2009.
4. Bréf frá Ingþóri J. Kristmundssyni og Ingibjörgu Jónsdóttur vegna Marðarnúps, dags. 30. mars 2009.
5. Bréf frá Þórönnu Pálsdóttur vegna Undirfells, dags. 31. mars 2009.
6. Bréf frá Ólafi Jósefssyni o.fl. vegna Ásbrekku, dags. 2. apríl 2009.
7. Bréf frá Skarphéðni Péturssyni hrl., f.h. eiganda Hjaltabakka, dags. 3. apríl 2009.
8. Greinargerð vegna Hjaltabakka, dags. 3. apríl 2009.
9. Bréf frá Sigríði Hermannsdóttur og Einari Svavarssyni vegna Hjallalands, dags. 3. apríl 2009, ásamt fylgibréfi frá stjórn Veiðifélags Vatnsdalsár.
10. Bréf frá Kristjáni Sigurjónssyni vegna Vatnsdalsalshóla, dags. 16. apríl 2009.
11. Bréf frá Ólafi Jósefssyni o.fl. vegna Ásbrekku, dags. 26. apríl 2009.
12. Bréf frá Lútheri Olgeirssyni og Sigríði Ragnarsdóttur vegna Forsæludals, dags. 30. apríl 2009.
13. Tölvupóstur Odds C. G. Hjaltasonar, dags. 13. maí 2009.

14. Bréf frá Hólmgæiri Pálssyni og Hauki Suska-Garðarssyni vegna Hvamms og Hvamms 2, dags. 11. ágúst 2009.
15. Bréf frá Karli Axelssyni hrl., f.h. eiganda Þingeyra, dags. 12. ágúst 2009.
16. Bréf frá Hauki Hannessyni f.h. Þórormstungubúsins ehf., vegna Þórormstungu, dags. 17. ágúst 2009.
17. Minnisblað Odds C. G. Hjaltasonar um vettvangsskoðun 25.08.2009, dags. 10. september 2009.
18. Bréf frá Jóni B. Bjarnasyni vegna Áss, dags. 14. september 2009.
19. Bréf frá Lútheri Olgeirssyni og Andra Teitssyni vegna jarðanna Forsæludals og Grímstungu (ásamt Hjarðartungu og Kvisthaga), dags. 20. apríl 2010.
22. Bréf frá Þórormstungubúinu ehf. vegna Þórormstungu, dags. 6. maí 2010.
23. Bréf Odds C. G. Hjaltasonar, dags. 13. maí 2010.
24. Bréf frá Karli Axelssyni hrl., f.h. eiganda Þingeyra, dags. 20. maí 2010.
25. Bréf frá Karli Axelssyni hrl., f.h. eiganda Þingeyra, dags. 17. ágúst 2010.
26. Tölvupóstur Odds C. G. Hjaltasonar, dags. 26. september 2010, ásamt myndum.
27. Bréf frá Hauki Hannessyni, f.h. Þórormstungubúsins ehf., vegna Þórormstungu, dags. 1. nóvember 2010.
28. Minnisblað II, mæling á landlengd við Laxá á Ásum og ósasvæði Húnavatns. Oddur C. G. Hjaltason, dags. 5. nóvember 2010.
29. Bréf frá Hauki Hannessyni, f.h. Þórormstungubúsins ehf., vegna Þórormstungu, dags. 15. nóvember 2010.
30. Bréf frá Ingbóri J. Kristmundssyni og Ingibjörgu Jónsdóttur vegna Marðarnúps, dags. 27. desember 2010.
31. Bréf frá Jóni B. Bjarnasyni vegna Áss, dags. 15. janúar 2011.
32. Bréf frá Snorra Jósefssyni vegna Ásbrekku, dags. 16. janúar 2011.
33. Minnisblað III, upplýsingar og gögn frá matsnefnd. Oddur C. G. Hjaltason, dags. 17. janúar 2011.
34. Bréf frá Karli Axelssyni hrl., f.h. eiganda Þingeyra, dags. 19. janúar 2011.
35. Minnisblað IV, ný arðskrármöt fyrir Laxá á Ásum og Vatnsdalsá. Oddur C. G. Hjaltason, dags. 10. febrúar 2011.

#### **E. Bréf, fundargerðir, samþykktir, leigusamningar o.fl.**

1. Bréf Magnúsar Sigurðssonar, Hnjúki, Birgis Gestssonar, Kornsá og Magnúsar Jósefssonar, Steinnesi, dags. 23. apríl 2007, með ósk um nýtt arðskrámat.
2. Bréf formanns veiðifélagsins með ósk um nýtt mat, dags. 30. júlí 2007.
3. Leigusamningur Veiðifélags Vatnsdalsár við Pétur Pétursson og Guy Geffroy, dags. 1. júlí 2008.
4. Afrit bréfs matsnefndar til Veiðifélags Vatnsdalsár, dags. 31. júlí 2008.
5. Bréf formanns veiðifélagsins með gögnum vegna arðskrármats, dags. 5. september 2008.
6. Samkomulag vegna leigusamnings, dags. 14. janúar 2009.
7. Fundargerð matsnefndar, dags. 17. janúar 2009.
8. Afrit bréfs matsmanna til félagsmanna, dags. 17. janúar 2009, beiðni um gögn.
9. Bréf frá Oddi C. G. Hjaltasyni vegna Hjaltabakka, dags. 9. febrúar 2009.
10. Afrit bréfs matsnefndar til Odds C. G. Hjaltasonar vegna Hjaltabakka, dags. 24. febrúar 2009.
11. Afrit boðunarbréfs vegna vettvangsgöngu, dags. 5. ágúst 2009.
12. Samþykkt fyrir Veiðifélag Vatnsdalsár nr. 391/2008.
13. Ársreikningar Veiðifélags Vatnsdalsár fyrir árið 2009.
14. Ársreikningur Veiðifélags Vatnsdalsár fyrir árið 2010.
15. Vatnsdalsá, Vatnsdalur- Þing, Hofi í Vatnsdal 1990.
16. Afrit bréfs til Þórormstungubúsins ehf., vegna Þórormstungu, dags. 10. apríl 2010.
17. Afrit bréfs til Sigríðar Hermannsdóttur og Einars Svavarssonar, vegna Hjallalands, dags. 13. apríl 2010.
18. Afrit bréfs til Karls Axelssonar hrl., f.h. eiganda Þingeyra, dags. 15. apríl 2010.
19. Afrit bréfs til Odds C. G. Hjaltasonar, vegna Hjaltabakka, dags. 15. apríl 2010.
20. Afrit bréfs matsnefndar til Landmælinga Íslands, dags. 25. maí 2010.
21. Afrit bréfs matsnefndar til veiðifélagsins, dags. 28. maí 2010.
22. Bréf Odds C. G. Hjaltasonar til matsnefndar, dags. 2. júní 2010.
23. Tölvupóstur Landmælinga Íslands, dags. 14. júlí 2010.
24. Afrit bréfs matsnefndar til Kristjáns Eymundssonar, dags. 4. ágúst 2010.

25. Afrit bréfs matsnefndar til Veiðimálastofnunar, dags. 16. ágúst 2010.
26. Afrit bréfs matsnefndar til Kristjáns Eymundssonar, dags. 16. ágúst 2010.
27. Tölvupóstur formanns veiðifélagsins til matsnefndar, dags. 3. september 2010.
28. Tölvupóstur frá Oddi C. G. Hjaltasyni til matsnefndar, dags. 10. október 2010.
29. Bréf veiðifélagsins til matsnefndar, dags. 20. október 2010.
30. Tölvupóstur frá formanni veiðifélagsins, dags. 7. nóvember 2010.
31. Afrit bréfs matsnefndar til Ingibjargar Jónsdóttur og Ingþórs Kristmundssonar, dags. 30. nóvember 2010.
32. Afrit bréfs matsnefndar til Jóns B. Bjarnasonar og Gunnar Guðmundsdóttur, vegna Áss, dags. 30. nóvember 2010.
33. Tölvupóstur frá formanni veiðifélagsins, dags. 3. desember 2010.
34. Afrit bréfs matsnefndar til Snorra Jósefssonar og Höllu Jónsdóttur, vegna Ásbrekku, dags. 5. desember 2010.
35. Tölvupóstur frá Sigurði Guðjónssyni, forstj. Veiðimálastofnunar, dags. 8. desember 2010.
36. Afrit bréfs matsnefndar til Ingimundar Sigfússonar vegna Þingeyra, vegna mælinga á ósasvæðinu, dags. 15. desember 2010.
37. Afrit bréfs matsnefndar til Odds C. G. Hjaltasonar, vegna Hjaltabakka, vegna mælinga á ósasvæðinu, dags. 15. desember 2010.
38. Afrit bréfs matsnefndar til veiðifélagsins vegna mælinga á ósasvæðinu, dags. 15. desember 2010.
39. Afrit bréfs matsnefndar til Karls Axelssonar hrl. vegna Þingeyra, vegna mælinga á ósasvæðinu, dags. 15. desember 2010.
40. Tölvupóstur frá formanni veiðifélagsins, dags. 8. mars 2011.
41. Tölvupóstur matsnefndar til Vatnamælinga Íslands, dags. 14. apríl 2011, ásamt svarpósti, dags. 14. apríl 2011.
42. Tölvupóstur frá Pétri Péturssyni, dags. 24. júní 2011.
43. Tölvupóstur frá Oddi C. G. Hjaltasyni vegna ósasvæðis, dags. 29. júní 2011.